



Bæjarstjórn Garðabæjar 17. (932)/2023

Boðað er til 17. (932). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 7. desember 2023 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2311024F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/11 '23.
2. 2311035F - Fundargerð bæjarráðs frá 28/11 '23.

2206112 - Fjárhagsáætlun 2023 - Viðauki nr. 2.

2302465 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi grenndarkynningu vegna staðsetningar á farsímamastri.

2306582 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu á deiliskipulagi Helguvíkur vegna staðsetningar á farsímamastri.

2311304 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts vegna lóðarinnar við Útholt 14.

2302193 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunshólts vestra (Ásahverfi) vegna staðsetningar farsímamasturs.
3. 2311045F - Fundargerð bæjarráðs frá 5/12 '23.

2107321 - Samningur við Heklu fasteignir ehf. um úthlutun lóðar við Þorraholt 2 - 4.
4. 2311017F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 15/11 '23.
5. 2311040F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 30/11 '23.
6. 2311028F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 23/11 '23.
7. 2311037F - Fundargerð ungmennaráðs frá 7/11 '23.
8. 2301318 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 6/11 og 20/11 '23.
9. 2301673 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 17/11 '23.
10. 2301664 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27/11 '23.



11. 2302122 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 3/11 og fundargerðir framkvæmdaráðs almannavarnanefndar frá 3/11 og 11/11 '23.
12. 2303053 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 26/9 '23.
13. 2301458 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 28/11 '23.
14. 2301453 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 1/11, 8/11, 15/11 og 24/11 '23.
15. 2307150 - Tillaga um álagningu fasteignagjalda 2024
16. 2307150 - Gjaldskrá fráveitu.
17. 2307150 - Samþykkt um breytingu á gjaldskrá fyrir vatnsgjald o.fl.
18. 2307150 - Gjaldskrá sorphirðu í Garðabæ.
19. 2307150 - Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu á Kjóavöllum.
20. 2307150 - Gjaldskrá leikskóla.
21. 2307150 - Gjaldskrá fyrir frístundaheimili.
22. 2307150 - Gjaldskrá fyrir starfsemi frístundar.
23. 2307150 - Gjaldskrá skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar.
24. 2307150 - Gjaldskrá fyrir frístundabíl.
25. 2307150 - Gjaldskrá sundlauga Garðabæjar.
26. 2307150 - Reglur um tekjutengingu afslátta.
27. 2307150 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2024 (2024-2027) - síðari umræða.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
16. (931). fundur 2023

Fimmtudaginn 16. nóvember 2023 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar, Almar Guðmundsson, bæjarfulltrúi, Björg Fenger, bæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson, bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason, bæjarfulltrúi, Guðfinnur Sigurvinsson, bæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi, Harpa Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi, Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi og Brynja Dan Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 2. nóvember 2023 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2311006F - Fundargerð bæjarráðs frá 7/11 '23.

Enginn tók til máls.

Fundargerð bæjarráðs sem er 7 tl., er samþykkt samhljóða.

2. 2311016F - Fundargerð bæjarráðs frá 14/11 '23.

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri ræddi 1. tl., jarðhræringar í Reykjanesi og rýmingu byggðar í Grindavík. Bæjarstjóri sendi bæjarstjórn Grindavíkur og Grindvíkingum hlýjar kveðjur bæjarstjórnar Garðabæjar við þær erfiðu aðstæður sem samfélagið í Grindavík er að takast á við.

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna stækkunar lóðarinnar við Keldugötu 5. Lagt er til að kvöð verði sett um trjágróður á milli stoðveggja á lóðamörkum og kvöð um að innkeyrsla verði brotin upp með gróðri.

Grenndarkynna skal tillöguna íbúum og eigendum að Keldugötu 2, 3, 4 og 7 og Víkurgötu 10 og 12.“ (Mál nr. 2305173)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla vegna byggingarreits fyrir vatnsmiðlunargeymi á lóðinni við Landsenda 31 í Kópavogi ásamt því að fella niður heimild fyrir fjarskiptamastri. Um er að ræða sameiginlegt deiliskipulag Garðabæjar og Kópavogsbæjar fyrir hesthúsasvæðið á Kjóavöllum.

Skipulagsráð Kópavogsbæjar samþykkti á fundi 6. nóvember 2023 að vísa tillögu um að auglýsa breytingartillöguna til afgreiðslu bæjarstjórnar.“ (Mál nr. 2311065)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts

vegna lóðar fyrir spennustöð innan lóðar Urriðaholtsskóla við Vínatræti 1-3 og breytingu á byggingarreit skólabyggingar“. (Mál nr. 2310471)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna lóðanna við Vínatræti 22-28. Í tillögunni felst að lóðunum við Vínatræti 20-26 og Vínatræti 28 er skipt upp í þrjár lóðir. Vínatræti 20 – 24, lóð fyrir atvinnustarfsemi, Vínatræti 26, bílastæðalóð og Vínatræti 28, lóð fyrir menningarstarfsemi.

Lóð við Vínatræti 28 minnkar. Heimilað heildarbyggingarmagn er óbreytt en byggingarmagn ofanjarðar eykst lítillega og byggingarreitur og skilmálar breytast til samræmis við verðlaunatillögu í samkeppni um nýtt regluheimili Oddfellow.

Lóð við Vínatræti 20-26 minnkar og fær nýtt lóðanúmer Vínatræti 20-24. Hluti byggingarreita á lóð eru felldir niður og byggingarreitur við lóðarmörk til suðausturs breytist lítillega.

Afmörkuð er ný bílastæðalóð við Vínatræti 26. Bílastæði á bílastæðalóð eru samnýtt af lóðunum við Vínatræti 20-24 og Vínatræti 28.

Bílastæðakrafa á lóðum breytist og verður 1 stæði fyrir hverja 50 m² í atvinnuhúsnæði innan lóðar. Með samnýtingu bílastæða á bílastæðalóð næst áfram krafa um 1 stæði fyrir hverja 35 m² af atvinnuhúsnæði. Mismunandi starfsemi er á lóðunum, þar sem lóðin við Vínatræti 22-26 nýtir bílastæðin aðallega á daginn en bílastæðapörf lóðarinnar við Vínatræti 28 er mest eftir að vinnutíma lýkur, sem gerir samnýtingu ákjósanlegan kost.“ (Mál nr. 2310097)

Fundargerð bæjarráðs sem er 17 tl., er samþykkt samhljóða.

3. 2311009F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 8/11 '23.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, ræddi 2. tl., tillögur að reglum um hvatapeninga 2024, 3. tl., íþróttahátíð Garðabæjar 2024, 5. tl., æskulýðsstarf Garðasóknar og önnur mál, Íslandsmeistaramót í Karate í Mýrinni. Hrannar Bragi óskaði Karatesambandi Íslands til hamingju með vel heppnað mót.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 2. tl., tillögur að reglum um hvatapeninga 2024.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., tillögur að reglum um hvatapeninga 2024.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, ræddi að nýju 2. tl., tillögur að reglum um hvatapeninga 2024.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, ræddi 2. tl., tillögur að reglum um hvatapeninga 2024.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 2. tl., tillögur að reglum um hvatapeninga 2024.

Björg Fengur, ræddi 2. tl., tillögur að reglum um hvatapeninga 2024.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, ræddi að nýju 2. tl., tillögur að reglum um hvatapeninga 2024.

Fundargerðin lögð fram.

4. 2310051F - Fundargerð leikskólanefndar frá 1/11 '23.

Margrét Bjarnadóttir, ræddi 1. tl., kynningu á Bravo lesson - gæðakerfi fyrir skóla, 2. tl., menningarviðburði í grunn- og leikskólum 2023-2024 og 3. tl., menntadaginn 2023,

Fundargerðin lögð fram.

5. 2311008F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 9/11 '23.

Fundargerðin lögð fram.

6. 2310048F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 1/11 '23.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., kynningu á Bravo lesson – gæðakerfi fyrir skóla, 2. tl., menningarviðburði í grunn- og leikskólum 2023-2024, 3. tl., menntadaginn 2023, 5. tl., umbótaverkefni í grunnskólunum 2023-2024 og 6. tl., starfsáætlanir grunnskólanna 2023-2024.

Björg Fengler kvaddi sér hljóðs og óskaði nemendum í Garðaskóla til hamingju með sigur í forritunar- og hönnunarkeppni LEGO á Íslandi.

Fundargerðin lögð fram.

7. 2301453 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 13/10 og 20/10 '23.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1. tl., fjárhagsáætlun Strætó bs. fyrir árið 2024 og 2. tl., útboð á akstri Strætó bs.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., útboð á akstri Strætó bs.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., fjárhagsáætlun Strætó bs. fyrir árið 2024 og 2. tl., útboð á akstri Strætó bs.

Fundargerðirnar lagðar fram

8. 2310064 - Tillaga að breytingu á samþykktum Garðabæjar nr. 1182/2022 - Viðauki IV. (Fyrri umræða)

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri gerði grein fyrir tillögu að breytingu á samþykktum Garðabæjar og einnig reglum sem eru til afgreiðslu samkvæmt dagskrárliðum 9, 10 og 11. Bæjarstjóri þakkaði öllum sem komið hafa að undirbúningi málsins fyrir þeirra hlut að máli og hrósaði starfsmönnum fyrir góð og vönduð vinnubrögð.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls. Gunnar Valur sagði frá umræðu í fjölskylduráði og tók undir þakkir til starfsmanna sem komið hafa að undirbúningi málsins.

Bæjarráð samþykkir samhljóða að vísa tillögu að breytingu á samþykktum Garðabæjar nr. 1182/2022 – Viðauka IV til síðari umræðu í bæjarstjórn.

9. 2311256 - Reglur um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða reglur um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

10. 2311256 - Reglur um stuðningsþjónustu.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða reglur um stuðningsþjónustu.

11. 2311257 - Reglur um notendasamninga.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða reglur um notendasamninga.

12. 2307119 - Tillögur um betra starfsumhverfi í leikskólum Garðabæjar.

Forseti bæjarstjórnar tók ákvörðun um að umræða um dagskrárliði 13 og 14 fari fram saman.

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri gerði grein fyrir tillögum að betra starfsumhverfi í leikskólum. Tillögurnar voru unnar af starfshópi sem skipaður var stjórnendum í leikskólum, leikskólafulltrúa og sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs. Tillögurnar hafa verið til umfjöllunar í leikskólanefnd sem samþykkti þær á fundi sínum 18. október sl. Alls er um að ræða 15 tillögur og er gert ráð fyrir að tillögur 1-11 komi til framkvæmda á vorönn 2024 og á haustönn 2024 verði unnið að aðgerðaráætlun vegna tillagna 12-15 sem vísað verður til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025.

Bæjarstjóri þakkaði öllum sem komið hafa að undirbúningi og mótun tillagnanna fyrir þeirra hlut að máli.

Margrét Bjarnadóttir, gerði nánari grein fyrir einstaka tillögum.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, tók til máls. Þorbjörg lagði til eftirfarandi tillögu um breytingu á texta í kafla um innleiðingu.

Tillögur verða kynntar hagaðilum þegar þær liggja fyrir. Fylgja þarf framkvæmd þeirra eftir með könnunum og framlagningu á tölfræði sem metur árangur fyrir starfsumhverfi leikskólanna en metur einnig áhrif á vinnutíma, tekjur og líðan foreldra. Lögð verður áhersla á gott upplýsingaflæði til starfsfólks leikskóla og foreldra.

Breytingar geta haft mismunandi áhrif á stöðu fjölskyldna og mun fræðslu- og menningarsvið í samstarfi við leikskólastjóra og félagsþjónustu fylgjast sérstaklega með stöðu ákveðinna hópa og skapa skýran farveg þar sem fólk getur óskað eftir lausn sinna mála ef þörf krefur.

Þorbjörg lagði fram eftirfarandi bókun.

„Miðað við stöðuna á leikskólum Garðabæjar þarf að grípa, meðal annars, til aðgerða sem eru íþyngjandi fyrir barnafjölskyldur. Þetta er ekki ákjósanleg staða að vera í, en við í Garðabæjarlistanum teljum að þær aðgerðir sem hér eru lagðar til séu vel ígrundaðar í ljósi aðstæðna.

Garðabæjarlistinn leggur höfuðáherslu á stranga eftirfylgni með árangrinum og hvort markmið breytinganna náist. Þá viljum við sjá gagnaöflun um áhrif breytinganna á vinnu, tekjur og streitu foreldra, með sérstakri áherslu á stöðu kvenna innan heimila og aðstæður fjölskyldna í viðkvæmri stöðu. Við viljum einnig að búinn verði til skýr farvegur í kerfinu fyrir þær fjölskyldur sem beinlínis geta ekki mætt skerðingu á hámarks vistunartíma. Fólk þarf að geta fengið úrlausn sinna mála ef brýn þörf er á. Þess vegna leggjum við fram breytingartillögu sem skerpir á þessu tvennu.

Við vonum svo sannarlega að tillögurnar skili tilætluðum árangri: Færri lokunum vegna manneklu, fleira starfsfólki á leikskólunum og þar með öruggari þjónustu fyrir fjölskyldur í bænum.“

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls. Sara Dögg lagði fram eftirfarandi bókun.

„Við í Viðreisn fögnum því sérstaklega að ný gjaldskrá leikskóla verði með óverulegum breytingum fyrir þau sem komast ekki hjá því að nýta 40 klst. vistun á viku.

Það er afar brýnt að mæta þeim hópi sem minnstan sveigjanleikann hefur hvort heldur sem litið er til fjárhagslegrar eða félagslegrar stöðu þegar kemur að þjónustu við foreldra leikskólabarna.“

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls.

Brynja Dan Gunnarsdóttir, tók til máls.

Almar Guðmundsson, tók til máls. Almar lagði til að texti í kafla um innleiðingu verði uppfærður í samræmi við tillögu bæjarfulltrúa Þorbjargar.

Margrét Bjarnasóttir, tók til máls. Margrét lagði fram eftirfarandi bókun.

„Leikskólaþjónusta í Garðabæ hefur staðið traustum fótum í gegnum tíðina. Börn komast snemma inn á leikskóla þar sem viðmið er 12 mánaða aldur. Hlutfall fagmenntaðs starfsfólks er hátt og áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun. Þróunarsjóður leikskóla ýtir svo undir metnaðarfullt fagumhverfi.

Á skömmum tíma er orðið ljóst að verja þarf gæðin í þjónustunni. Álag á starfsfólk er mikið, veikindahlutfall hátt og að hluta til gengur illa að manna skólana að fullu. Þá er mikilvægt að bregðast við og minnka vistunartíma með farsæld barna að leiðarljósi, en þar þarf einnig að hafa í huga aðstæður barnafjölskyldna til að mæta breytingum.

Tillögur að bættu leikskólaumhverfi eru settar fram með sveigjanleika í vistun barna sem mikilvægan þátt þannig að fjölskyldurnar velji sinn vistunartakt innan 40 tíma vistunar á viku að jafnaði. Gjaldskrá hvetur þær fjölskyldur sem geta til að stytta dvalartíma frekar og hún hækkar ekki að raunvirði.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja mikilvægt skref stigið með samþykkt tillagna um bætt leikskólaumhverfi sem verði börnum, fjölskyldum og síðast en ekki síst starfsfólki til heilla. Jafnframt er lögð áhersla á að mat verði gert með reglubundnu hætti á áhrif tillagnanna og brugðist við ef talin er þörf á. Garðabær mun hér eftir sem hingað til vera í fararbroddi í leikskólamálum.“

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu að betra starfsumhverfi í leikskólum Garðabæjar með breytingu á texta um innleiðingu. Tillögur 1-11 komi til framkvæmda á vorönn 2024. Á haustönn 2024 verði unnið að aðgerðaráætlun vegna tillagna 12-15 sem vísað verður til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025.

13. 2307119 - Tillaga að nýrri gjaldskrá leikskóla Garðabæjar

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri gerði grein fyrir tillögu að gjaldskrá þar sem leikskólagjald verði óbreytt krónutala fyrir 38 klst. á viku miðað við núverandi gjaldskrá. Leikskólagjöld lækka frá og með 37 klst. miðað við núverandi gjaldskrá en hækka fyrir næstu tvær klst. (39 og 40).

Áfram verður hægt að sækja um afslátt sem er tekjutengdur. Í breyttri gjaldskrá er lagt til að viðmiðunartekjur verði annars vegar fyrir einstaklinga/forsjáraðila og hins vegar fyrir sambúðarfólk. Afslátturinn verði miðaður við heildartekjur heimilis þar sem meðaltekjur einstaklings eru allt að 800.000 á mánuði en sambúðarfólks allt að 980.000 kr. á mánuði en var áður 865.469 kr. fyrir báða hópa. Afslátturinn verður áfram sem nemur 40% af almennu leikskólagjaldi. Systkinaafsláttur verður óbreyttur.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða nýja gjaldskrá leikskóla í Garðabæ.

14. 2308615 - Tillögur að breyttu stjórnskipulagi Garðabæjar.

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri gerði grein fyrir tillögum að breyttu stjórnskipulagi Garðabæjar.

Í tillögunum er m.a. lagt til að stofnað verði nýtt svið þjónustu og þróunar sem fái til sín tiltekin verkefni sem sinnt hefur verið að hálfu fjármála- og stjórnsýslusviðs og er miðað við að breytingin taki gildi 1. janúar 2024. Auglýst verði nýtt starf sviðsstjóra þjónustu- og þróunar og starf sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Sara Dögg Svanhildardóttir tók til máls.

Almar Guðmundsson, tók til máls að nýju.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Gunnar Valur Gíslason, tók til máls.

Björg Fenger, tók til máls.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu að breyttu stjórnskipulagi Garðabæjar sem felur í sér nýtt skipurit, stofnun nýs sviðs þjónustu og þróunar, breytingar á verkefnum fjármála- og stjórnsýslusviðs og að auglýst verði störf sviðsstjóra viðkomandi sviða. Þá samþykkir bæjarstjórn tillögu um að heiti fjölskyldusviðs verði breytt í velferðarsvið.

15. 2307150 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2024 - Tillaga um álagningarhlutfall útsvars.

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu um álagningu útsvars á árinu 2024.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að álagningarhlutfall útsvars verði 14,48% á tekjur manna á árinu 2024 samkvæmt heimild í 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. 24. gr. laganna. Samþykkt bæjarstjórnar skal tilkynnt fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 15. desember 2023 samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.“

Sara Dögg Svanhildardóttir tók til máls.

Guðfinnur Sigurvinsson, tók til máls.

Björg Fenger, tók til máls.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bærarstjórnar Garðabæjar 16. nóvember 2023 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bærarfulltrúa.

Sigr. Hulda Jónsdóttir

Hauka Pásson

Maður Þórhildur

Guðni Þ. Guðnason

Þorvaldur Þorvaldsson

Þorvaldur Þorvaldsson

Þorvaldur Þorvaldsson

Þorvaldur Þorvaldsson

Margrét Þorvaldsson

Þorvaldur Þorvaldsson

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 16. nóvember 2023 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
44.(2097). fundur 2023

Þriðjudaginn 21. nóvember 2023 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger, formaður, Gunnar Valur Gíslason, varaformaður, Margrét Bjarnadóttir, aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, Linda Udengård, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2304477 - Tilboð í byggingarrétt lóða á Hnoðraholti.

Lögð voru fram 351 óopnuð umslög með tilboðum í byggingarrétt lóða á Hnoðraholti, sbr. tilkynningu um sölu á byggingarrétti lóða á Hnoðraholti sem birt var á vef Garðabæjar 3. nóvember 2023.

Tilboðin komu frá söluaðilum, þ.e. Torg - fasteignasölu, Garðatorg eignamiðlun, Fasteignamarkaðinum og Fasteignasölnunni Miklaborg.

Öll tilboð voru móttækin fyrir kl. 12:00, föstudaginn 17. nóvember 2023

Umslögín voru opnuð og tilboðin flokkuð eftir tegundum lóða.

Tilboð í fjölbýlishúsalóðir 103.

Tilboð í par/raðhúsalóðir 215.

Tilboð í einbýlishúsalóðir 491.

Tilboðin verða skráð, flokkuð nánar og tekin til afgreiðslu á fundi bæjarráðs þriðjudaginn 28. nóvember 2023.

2. 2307150 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2024 (2024-2027).

Sviðsstjórar fóru yfir helstu þætti í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun og gerðu nánari grein fyrir einstaka rekstrareiningum.

Farið var yfir yfirlit yfir breytingar á gjaldskrárm og lagt fram yfirlit yfir mál sem hefur verið vísað til skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

3. 2307120 - Dýjagata 18 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir að afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita GR verk 210 ehf., kt. 410621-1770, að byggja einbýlishús á lóðinni við Dýjagötu 18.

4. 2303468 - Krókamýri 18 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Davíð G. Waage, kt. 280275-3959, leyfi til að stækka og breyta ytra byrði núverandi húss á lóðinni við Krókamýri 18.

5. **2309256 - Vörðugata 2 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita J.E Skjanna byggingarverktaka ehf., kt. 651108-0550, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 30 íbúum á lóðinni við Vörðugötu 2.
6. **2311283 - Bréf Jafnréttisstofu varðandi ábendingu til sveitarfélaga, dags. 10.11.23.**
Í bréfinu er ábending til sveitarfélaga um mikilvægi þess að gæta að kynja- og jafnréttissjónarmiðum við stefnumótun og ákvörðunartöku í breytingum á fyrirkomulagi leikskóla.

Bæjarráð vísar bréfinu til kynningar í leikskólanefnd og velferðarráði.
7. **2311300 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar Lionsklúbbs Álftanes um tímabundið áfengisleyfi í skötuveislu 23. desember 2023.**
Lögð fram umsókn Lionsklúbbs Álftaness um tímabundið áfengisleyfi í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi í tilefni af skötuveislu á Þorláksmessu 23. desember 2023.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.
8. **2311343 - Bréf Lionsklúbbs Álftaness varðandi húsnæði fyrir skötuveislu á Þorláksmessu, dags. 15.11.23**
Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu bæjarstjóra.
9. **2311344 - Bréf Lionsklúbbs Álftaness varðandi húsnæði fyrir þorrablót, dags. 15.11.23.**
Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu bæjarstjóra.
10. **2311290 - Tilkynning frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu varðandi fyrstu grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks, dags. 15.11.23.**
Í tilkynningunni kemur fram að birt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda grænbók um málefni innflytjenda og flóttafólks. Í henni er mat lagt á stöðuna í málefnum innflytjenda og flóttafólks og áskoranir og tækifæri greind til framtíðar.
Frestur til að senda inn umsagnir er til og með 8. desember 2023.
11. **2311345 - Tilkynning frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu varðandi fyrstu landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks, dags. 10.11.23.**
Í tilkynningunni kemur fram að birt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda fyrsta landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Áætlunin felur í sér 57 aðgerðir til að koma í framkvæmd ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Landsáætlunin er liður í innleiðingu og lögfestingu samningsins hér á landi.
Frestur til að senda inn umsagnir er til og með 23. nóvember 2023.
12. **2311356 - Erindi frá innviðaráðuneytinu varðandi lögbundnar nefndir innan sveitarfélaga, dags. 17.11.23.**
Erindið varðar fyrirspurn frá Alþingi um lögbundnar nefndir í sveitarfélögum.

Bæjarstjóra falið að hlutast til um að svara erindinu.

13. **2311355 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál, dags. 16.11.23.**
Lagt fram.
14. **2311337 - Fundargerðir aðalfundar SSH og ársfunda byggðasamlaganna, dags. 10.11.23.**
Lagðar fram.
15. **2304082 - Minnisblað Hrafnistu varðandi fjölgun rýma í dagdvöl Ísafoldar, dags. 19.10.23.**
Í minnisblaðinu er lýsing á framkvæmdum og búnaðarkaupum vegna stækkunar dagdvalar Ísafoldar.

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu bæjarstjóra.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 21. nóvember 2023 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
45.(2098). fundur 2023

Þriðjudaginn 28. nóvember 2023 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger, formaður, Gunnar Valur Gíslason, varaformaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, varamaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, Linda Udengård, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir, samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2206112 - Fjárhagsáætlun 2023 - Viðauki nr. 2.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri kom á fund bæjarráðs og gerði grein fyrir eftirfarandi viðauka nr. 2 við fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2023.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 2 við fjárhagsáætlun 2023 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki 2.

1. Rekstrarútgjöld

a) Launakostnaður vegna kjarasamningshækkana

Launahækkanir vegna áhrifa kjarasamninga á árinu 2023 nema um 650 m.kr. 650.000.000

Varasjóður gerði ráð fyrir 400 m.kr.

Launahækkanir skv. breytingum á kjarasamningum á árinu

Fjármögnun

Varasjóður -400.000.000

Útsvar -250.000.000

b) Fræðslumál

i. Aukin rekstrarkostnaður stofnana vegna viðgerða við rakaskemmdir 75.000.000

Viðbótarrekstrarkostnaður allra stofnana þar sem mygla hefur mælst er um 75 m.kr. um er að ræða ýmsar rekstrarvörur svo sem hreinlætisvörur, þrif og ýmsan smávægilegan búnað sem ekki er eignfærður.

ii Sjálfstætt starfandi skólar 160.000.000

Vegna kjarasamningsbreytinga á árinu og fjölgunar nemenda í

Alþjóðaskólanum þarf að bæta við fjárhagsáætlun um 160 m.kr.

Framlög til sjálfstætt starfandi skóla sem starfræktir eru í Garðabæ nema skv. fjárhagsáætlun 2023 1.755 m.kr.

iii. Námsvistargjöld í sérskólum 64.000.000

Vegna samþykktu um fjölgun barna í Klettaskóla þarf að bæta við

fjármagni. Á árinu 2023 bættust við sex börn frá Garðabæ í skólann.

iv. Frístund í sérskólum 37.000.000

Vegna fjölgunar barna með stuðning í sérskólum á árinu þarf að bæta

við fjármagni til að standa straum af auknum kostnaði. Einnig er fjölgun barna í sjálfstætt starfandi skólum sem eru í frístund.

v. Biðlistagreiðslur 32.000.000
Fleiri foreldrar hafa notið foreldragreiðslna á árinu en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Fjármögnun
Byggingarréttur -368.000.000

c) Annað:
i. Snjómokstur 100.000.000
Vegna mikils kostnaðar við snjómokstur og hálkuvarnir á fyrri hluta ársins þarf að bæta við fjármagni til verkefnisins. Snjómokstur síðustu 5 ár hefur sveiflast frá því að vera frá 117 m.kr. til 215 m.kr.

ii. Fjármagnsgjöld 600.000.000
Kostnaður vegna fjármagnsgjalda er um 600 m.kr. hærri en áætlun gerir ráð fyrir vegna hærri verðbólgu en spár gerðu ráð fyrir.

Fjármögnun:
Byggingarréttur -700.000.000

2. Framkvæmdir
i. Eignfærður framkvæmdakostnaður vegna endurbóta við skólahúsnaði 1.050.000.000
Framkvæmdakostnaður umfram 600 m. kr. viðhalds sem þegar var á áætlun er um 1.050.000.000 kr.

ii. Miðgarður 55.000.000
Uppgjör vegna framkvæmda við Miðgarðs sbr. samkomulag lagt fram í bæjarráði 3.10.2023

Fjármögnun
Byggingarréttur 1.105.000.000

2. 2307150 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2024 (2024-2027).

Sviðsstjóri umhverfissviðs gerði grein fyrir tillögu að gjaldskrá sorpgjalds sem byggir á því að íbúar greiði samkvæmt gjaldskrá sem næst raunkostnaði fyrir þjónustu við losun heimilisúrgangs, sbr. lög 103/2021 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir drögum að framkvæmdaáætlun fyrir ári 2024-2027 og tillögum að hagræðingu í fjárhagsáætlun 2024 samtals að fjárhæð 500 mkr.

Í fjarveru sviðsstjóra velferðarsviðs fór bæjarstjóri yfir tillögur sviðsins að hagræðingu. Sviðsstjóri umhverfissviðs og sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs gerðu grein fyrir tillögum sinna sviða að hagræðingu.

Gert er ráð fyrir að á fundi bæjarráðs 5. desember nk. verði lagðar fram tillögur að breytingum ásamt frumvarpi að fjárhagsáætlun með breytingum. Síðari umræða um fjárhagsáætlun er fyrirhuguð á fundi bæjarstjórnar 7. desember nk.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs undir þessum lið.

3. 2304477 - Tilboð í byggingarrétt lóða á Hnoðraholti.

Á fundi bæjarráðs sem haldinn var 21. nóvember 2023 voru opnuð tilboð í lóðir í 1. áfanga norðurhluta Hnoðrahólts.

Alls bárust 809 tilboð sem skiptust þannig.
Tilboð í fjölbýlishúsalóðir 103.
Tilboð í par/raðhúsalóðir 215.
Tilboð í einbýlishúsalóðir 491.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboðum þar sem lagt er til grundvallar hæsta verð í samræmi við úthlutunar- og söluskilmála. Tilboðin eru samþykkt með fyrirvara um að tilboðsgjafar uppfylli öll skilyrði um hæfi samkvæmt 5. tl. í úthlutunar- og söluskilmálum og 3. gr. úthlutunarreglna.

Bæjarráð samþykkir að veita bæjarstjóra umboð til að samþykkja tilboð í lóðir í þeim tilvikum sem tilboðsgjafar falla frá tilboðum sínum eða uppfylla ekki hæfisskilyrði. Skal þá lagt til grundvallar að taka tilboðum frá þeim aðilum sem næstir eru í röðinni hvað varðar tilboðsverð, enda séu uppfyllt skilyrði í úthlutunar- og söluskilmálum.

4. 2302465 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi grenndarkynningu vegna staðsetningar á farsímamastri.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að umsókn um byggingarleyfi fyrir 12 metra farsímamastur við Jörfaveg vestan Fálkastígs verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynningin skal ná til íbúa og hagsmunaaðila á norðurnesi Álftaness.

5. 2306582 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu á deiliskipulagi Helguvíkur vegna staðsetningar á farsímamastri.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi Helguvíkur vegna staðsetningar á 12 metra farsímamastri á horni Suðurnesvegur og Höfðabrautar (hjá grenndargámastöð). Vekja skal athygli á auglýsingunni með dreifibréfi í aðliggjandi hús.

6. 2203672 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi skipulag íbúðarbyggðar á Hleinum.

Lagt fram minnisblað skipulagsstjóra varðandi mögulega uppbyggingu íbúðarbyggðar á Hleinum.

7. 2311304 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts vegna lóðarinnar við Útholt 14.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts er varðar lóðina við Útholt 14, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í tilfærslu á bílastæðum innan lóðar. Grenndarkynna skal tillöguna lóðarhöfum við Útholt 12, 25, 27 og 41, Stekkholts 1 og 2 og Vorbrautar 7 og 9.

8. 2302193 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunshólts vestra (Ásahverfi) vegna staðsetningar farsímamasturs.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunshólts vestra (Ásahverfis) vegna staðsetningar á 12 metra farsímamastri á opnu svæði vestan við Stórás og austan Ásabrautar. Vekja skal athygli á auglýsingunni með dreifibréfi í aðliggjandi hús.

9. **2311158 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi fjárhagsáætlun Skiðasvæða höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2024, dags. 07.11.23.**
Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024.
10. **2311417 - Bréf samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi starfs- og fjárhagsáætlun SSH 2024, dags. 16.11.23.**
Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024.
11. **2311481 - Bréf UMF-Stjórnunnar varðandi afnot af íþróttahúsinu Mýrinni fyrir þorablót 2024, dags. 26.10.23.**
Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu bæjarstjóra.
12. **2311397 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál, dags. 17.11.23.**
Lagt fram.
13. **2311515 - Tilkynning frá innviðaráðuneytinu varðandi tillögu til þingsályktunar um húsnæðisstefnu ásamt fimm ára aðgerðaráætlun, dags. 24.11.23.**
Í tilkynningunni kemur fram að innviðaráðherra hefur lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 28. nóvember 2023 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fengler, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
46.(2099). fundur 2023

Þriðjudaginn 5. desember 2023 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger, formaður, Gunnar Valur Gíslason, varaformaður, Margrét Bjarnadóttir, aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, Linda Udengård, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir, samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2307150 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2024 (2024-2027).

Farið yfir tillögur um álagningu fasteignaskatts og þjónustugjalda ásamt tillögum um breytingar við frumvarp að fjárhagsáætlun sem verða til afgreiðslu við síðari umræðu um fjárhagsáætlun á fundi bæjarstjórnar 7. desember nk.

Lagt fram yfirlit yfir mál sem vísað hefur verið til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlíð.

2. 2210434 - Grásteinsmýri 1 (MHL 01) - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Grásteinsmýri ehf., kt. 510220-1960, leyfi til breytinga á uppdráttum vegna útfærslu á hjólageymslu fjölbýlishúss að Grásteinsmýri 1.

3. 2212012 - Holtsbúð 33 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sólveigu Hauksdóttur, kt. 281162-7649, leyfi til að rífa bílskúr og byggja við núverandi einbýlishús að Holtsbúð 33.

4. 2311205 - Mávanes 4 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita App Dynamic ehf., kt. 440112-0480, leyfi fyrir útlitsbreytingu á gluggum hurðum ásamt breytingum á innra skipulagi einbýlishússins að Mávanesi 4.

Einbýlishúsið að Mávanesi 4 er friðlýst af mennta- og menningarmálaráðherra. Friðlýsingin nær til ytra borðs hússins og burðavirkis. Minjastofnun hefur veitt jákvæða umsögn vegna breytinganna.

5. 2307403 - Mávanes 23 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jóni Ívari Einarssyni, kt. 151169-5389, leyfi til að byggja við einbýlishúsið að Mávanesi 23.

6. **2202453 - Ákvörðun Persónuverndar vegna úttektar á notkun Garðabæjar á skýjalausn Google í grunnskólastarfi, dags. 28.11.23.**

Á fund bæjarráð kom Sigríður Logadóttir, persónuverndarfulltrúi og lögfræðingur og gerði grein fyrir ákvörðun Persónuverndar vegna úttektar á notkun Garðabæjar á skýjalausnum Google í grunnskólastarfi. Í ákvörðunarorði kemur m.a. fram að vinnsla persónuupplýsinga grunnskólanemenda í Google-nemendakerfinu á vegum bæjarins samrýmist ekki lögum 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð (ESB) 2016/679.

Í ákvörðuninni er lagt fyrir Garðabæ að færa vinnsluna til samræmis við löggjöfina og er frestur til að gera Persónuvernd grein fyrir þeim lagfæringum til 29. febrúar 2024.

Samkvæmt ákvörðunarorði er lögð á Garðabæ stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 2.500.000 kr.

Sambærileg ákvörðun beinist einnig að fjórum öðrum sveitarfélögum.

7. **2312010 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um uppbyggingu á Álftanesi.**

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn frá Garðabæjarlistanum.

Hver er áætlaður fjöldi nýrra íbúða á Álftanesi næstu fimm árin?

Hver er núverandi íbúafjöldi Álftaness?

Hver er áætlaður fjöldi íbúa á Álftanesi eftir eitt, tvö og þrjú ár?

Hversu mörg börn er áætlað að bætist við á leik- og grunnskólaaldri á sama tímabili?

Hversu mikið svigrúm til móttöku fleiri barna er til staðar í leik- og grunnskólum á Álftanesi?

Hvernig eru áætlanir um stækkun skóla og leikskóla á næstu árum?

Hafa umferðaráhrif verið metin, t.d. um Breiðumýri þar sem mörg börn fara um í og úr skóla?

Er áætlað að ráðast í aðgerðir til að auka umferðaröryggi á svæðinu? Verða t.d. sett upp gangbrautarljós við Breiðumýri?

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara fyrirspurninni.

8. **2107321 - Samningur við Heklu fasteignir ehf. um úthlutun lóðar við Þorraholt 2 - 4.**

Lagður fram til afgreiðslu samningur við Heklu fasteignir ehf. um úthlutun lóðarinnar við Þorraholt 2-4 fyrir starfsemi bílaumboðs.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja samninginn.

9. **2303613 - Opnun tilboða í framkvæmdir við göngu- og hjólastíg í Vífilsstaðahrauni.**

Lögð fram eftirfarandi tilboð í framkvæmdir við göngu- og hjólastíg í Vífilsstaðahrauni.

Mostak	87.800.000 kr.
Berg Verktakar	39.649.900 kr.
Grafa og Grjót	38.125.980 kr.
Stjörnugarðar	48.525.000 kr.
Dráttarbílar	40.736.808 kr.

Kostnaðaráætlun 55.404.300 kr.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Gröfu og Grjóts ehf.. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

10. **2311618 - Erindi Hafnarfjarðarbæjar varðandi gerð lýsingar vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 (Miðsvæði M7 - Hamarshöfn H6), dags. 30.11.23.**
Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
11. **2311613 - Bréf Landssamtaka hjólreiðamanna varðandi samninga við leigufyrirtæki með rafhlaupahjól, dags. 26.11.23.**
Bæjarráð tekur undir ábendingar í bréfinu um að gera verður ríkari kröfur varðandi umgengni og frágang vegna notkunar á rafhlaupahjólum,

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfitara og taka málið upp á vettvangi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
12. **2311623 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar Bláa lónsins Svartsengi ehf. um tímabundið áfengisleyfi vegna fjáröflunarviðburðar.**
Lagðar fram umsóknir frá Bláa lóninu Svartsengi ehf. um tímabundið áfengisleyfi á viðburðum í veitingahúsinu Sjólandi dagana 7. - 9. desember 2023 og 14. - 16. desember 2023.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðin leyfi verið veitt.

Björg Fengler véc sæti við umræðu og afgreiðslu málsins.
13. **2312003 - Tilkynning frá innviðaráðuneytinu varðandi drög að skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu, dags. 21.11.23.**
Í tilkynningunni kemur fram að drög að skilgreiningu á opinberri grunnþjónustu ásamt greinargerð hafa verið lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda. Frestur til að gera athugasemdir er til 7. febrúar 2024.
14. **2312008 - Tilkynning frá innviðaráðuneytinu varðandi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu ásamt fimm ára aðgerðaáætlun lögð fram á Alþingi, dags 29.11.23.**
Í tilkynningunni kemur fram að innviðaráðherra hefur lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landskipulagsstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028.
15. **2311576 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra, 402. mál., dags. 28.11.23.**
Lagt fram.
16. **2311534 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. 497. mál., dags. 24.11.23.**
Lagt fram.
17. **2311555 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 73. mál., dags. 27.11.23.**
Lagt fram.

18. **2311554 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun, 509. mál., dags. 27.11.23.**
Lagt fram.

19. **2312011 - Bréf RVK Studios varðandi leyfi fyrir kvikmyndatökur í Heiðmörk, dags. 23.11.23.**

Í bréfinu er farið fram á leyfi fyrir kvikmyndatökur í Heiðmörk á tímabilinu febrúar 2024 - júlí 2024.

Bæjarráð vísar bréfinu til bæjarstjóra.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 5. desember 2023 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar
10. fundur 2023

Miðvikudaginn 15. nóvember 2023 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri og Pála Marie Einarsdóttir umsjónarþroskaþjálfari.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2212110 - Húsbyggingarsjóður Þroskaþjálfar - samstarf

Þórarinn Snorri Sigurgeirsson, verkefnastjóri reksturs, og Símon Gísli Ólafsson, umsjónarmaður fasteigna hjá Þroskaþjálf kynntu húsbyggingarsjóð Þroskaþjálfar.

2. 2109638 - Búsetukjarni Brekkuás 11

Fjölskylduráð lýsir yfir ánægju sinni með nýopnaðan búsetukjarna og þeirri góðu þjónustu sem íbúar munu koma til með að njóta á eigin heimilum.

3. 2310064 - Samþykktir Garðabæjar - viðauki v. sviðsstjóra fjölskyldusviðs

Lagt fram til kynningar. Málinu hefur verið vísað til fyrri umræðu bæjarstjórnar 16. nóvember nk.

4. 2311256 - Reglur um stuðningsþjónustu

Lagt fram til kynningar. Drögum að reglum um stuðningsþjónustu hefur verið vísað til bæjarstjórnar 16. nóvember nk. til afgreiðslu.

5. 2311256 - Reglur um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Lagt fram til kynningar. Drögum að reglum um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir hefur verið vísað til bæjarstjórnar 16. nóvember nk. til afgreiðslu.

6. 2311257 - Reglur um notendasamninga

Lagt fram til kynningar. Drögum að reglum um notendasamninga hefur verið vísað til bæjarstjórnar 16. nóvember nk. til afgreiðslu.

7. 2301082 - Jafnréttisáætlun Garðabæjar 2023-2026

Umræður um efni jafnréttisáætlunar Garðabæjar og endurskoðaðrar aðgerðaráætlunar á grundvelli hennar. Fjölskylduráð mun vinna að gerð tillagna að aðgerðaráætlun fyrir næsta fund ráðsins. Starfsfólk fjölskyldusviðs mun óska eftir samráði annarra sviða við endurskoðun

áætlunarinnar. Stefnt er að því að fyrstu drög liggi fyrir í desember nk. og tillaga verði lögð fyrir
bæjarstjórn vorið 2024.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
52. fundur 2023

Fimmtudaginn 30. nóvember 2023 kl. 16:30 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Guðfinnur Sigurvinsson formaður, Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Arnar Hólm Einarsson varamaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2210597 - Fjárhagsáætlun 2024

Fjármálastjóri upplýsti nefndarmeðlimi um stöðu mála í vinnslu fjárhagsáætlunar Garðabæjar 2024.

Gestir

Lúðvík hjalti jónsson - 16:30

2. 2310126 - Styrkumsóknir-menningarmál

Rætt um reglur vegna styrkja til menningarmála, drög að reglum lagðar fram og rætt um útfærslur.

3. 1905185 - Sameiginlegur fundur menningar- og safnanefndar og stjórnar Hönnunarsafns Íslands

Menningar- og safnanefnd færði sig yfir í Hönnunarsafn Íslands þar sem safnstjóri, Sigríður Sigurjónsdóttir fór með leiðsögn um safnið. Þá var endurnýjuð stefna Hönnunarsafnsins kynnt sem og starfssemi safnsins. Góðar umræður áttu sér stað og stefnt að sameiginlegum fundum að minnsta kosti árlega.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
14. fundur 2023

Fimmtudaginn 23. nóvember 2023 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Sigprúður Ármann varamaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri skipulagsmála og Egill Daði Gíslason deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2311147 - Vorbraut 1, br á dsk Hnoðrahólts norður.

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir athugun á heildaráhrifun og fordæmisgildi fjölgunar íbúða.

Skipulagsstjóra falið að vinna tillögu að breytingu deiliskipulags sem nær til allra fjölbýlishúsalóða við Vorbraut.

2. 2311111 - Vorbraut 3 og 7 - fjölgun íbúða - Deiliskipulag

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir athugun á heildaráhrifun og fordæmisgildi fjölgunar íbúða.

Skipulagsstjóra falið að vinna tillögu að breytingu deiliskipulags sem nær til allra fjölbýlishúsalóða við Vorbraut.

3. 2311200 - Vorbraut 19 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um útfærslu fjölbýlishúsalóðarinnar Vorbraut 19 sem myndi m.a. gera ráð fyrir fjölgun íbúða um tvær og fjölgun bílastæða á lóð sem þeim nemur. Einnig gerir útfærsla ráð fyrir kjallara fyrir geymslur o.þ.h.

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir athugun á heildaráhrifun og fordæmisgildi fjölgunar íbúða.

Skipulagsstjóra falið að vinna tillögu að breytingu deiliskipulags sem nær til allra fjölbýlishúsalóða við Vorbraut.

4. 2311453 - Vorbraut deildiskiptulagsbreyting - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa að Vorbraut 5, 9,11,15 og 17 þar sem spurt er m.a. hvort heimilað verði að fjölga íbúðum um 3 í hverju húsi en um leið heimilað að gera bílakjallara.

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir athugun á heildaráhrifun og fordæmisgildi fjölgunar

íbúða.

Skipulagsstjóra falið að vinna tillögu að breytingu deiliskipulags sem nær til allra fjölbýlishúsalóða við Vorbraut.

5. 2311304 - Útholt 14 bílastæði - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um tilfærslu á bílastæðum innan einbýlishúsalóðarinnar Útholt 14.

Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum Úthólts 12 25, 27 og 41 sem og Stekkholts 1 og 2 og Vorbrautar 7 og 9.

Baldur Ó.Svavarsson vék af fundi undir þessum lið.

6. 2203672 - Erindi um að koma að uppbyggingu íbúðarbyggaðr á Hleinum.

Lagt fram minnisblað skipulagsstjóra um beiðni Byggingarsamvinnufélags eldri borgara í Garðabæ um að svæði norðan við Boðahleyn og Naustahleyn verði ráðstafað til félagsins til uppbyggingar á einnar hæðar sérbýlisbyggð ætluðum félagsmönnum.

Í minnisblaðinu eru tveir kostir skoðaðir, svæðið norðan við Hleina og svæði í Hnoðraholti. Niðurstaðan er sú að báðir kostir komi til greina hvað skipulagsforsendur varðar en vinna þarf breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum ef ráðist verður í uppbyggingu á því svæði. Ef Hnoðraholt yrði fyrir valinu þyrfti að vinna tillögu að 2.áfangi norðurhluta Hnoðrahólts . Hvorugur kosturinn kallar á aðalskipulagsbreytingu.

7. 2311063 - Gilsbúð 7 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn húseiganda um það hvort heimilað verði að innrétta íbúðir á efri hæð hússins sem er á atvinnulóð. Ekkert deiliskipulag telst í gildi á svæðinu en í aðliggjandi athafnahverfi í Iðnbúð og Smiðsbúð eru heimilaðar íbúðir á efri hæðum. Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

8. 2302193 - Ásahverfi, farsímasamband.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hraunshólts vestra (Ásahverfis) sem gerir ráð fyrir staðsetningu 12 metra hás stauris fyrir farsímasenda á opnusvæði vestan við Stórás og austan og norðan við Ásabraut.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Vekja skal sérstaklega athygli á auglýsingunni með dreifibréfi í aðliggjandi hús. Skýringarmynd sem sýnir útlit og umfang staurisins skal vera hluti af grenndarkynntum gögnum.

9. 2306582 - Þórukot - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulag Helguvíkur sem gerir ráð fyrir staðsetningu 12 metra hás stauris fyrir farsímasenda á horni Suðurnesvegar og Höfðabrautar, hjá grenndargámstöð.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Vekja skal sérstaklega athygli á auglýsingunni með dreifibréfi í

aðliggjandi hús. Skýringarmynd sem sýnir útlit og umfang staursins skal vera hluti af grenndarkynntum gögnum.

10. 2302465 - Akrakot - Fjarskipti - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir staðsetningu 12 metra hás staurs fyrir farsímasenda við Jörfaveg vestan Fálkastígs.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til grenndarkynningar í samræmi við

44.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Grenndarkynna skal öllum íbúum á Norðurnesi.

Skýringarmynd sem sýnir útlit og umfang staursins skal vera hluti af grenndarkynntum gögnum.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Ungmennaráð Garðabæjar

5. fundur 2023

Þriðjudaginn 7. nóvember 2023 kl. 17:00 kom ungmennaráð Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Valgerður Eyja Eypórsdóttir, Íris Lind Steinhórsdóttir, Anna Kristín Elmarsdóttir, Heiða Bríet Andradóttir, Emilía Ósk Hauksdóttir, Eyþór Elvar Þórarinnsson, María Draumeý Kjærnested, Freyja Huginsdóttir, Ester Helga Helgadóttir, Daníel Pétursson, Tómas Þór Jacobsen og Gunnar Richardson.

Fundargerð ritaði: Tómas Þór Jacobsen, forstöðumaður Klakans.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2302317 - Ungmennaping í Garðabæ 25.10.23.

Það sem fór vel:

- Margir nemendur frá grunnskólum sem voru tilbúin að koma með hugmyndir
- Góður fjöldi á borðum (10 nemendur)
- Númera þátttakendur áður en þau mættu, auðveldara að finna borðið sitt þegar þau mættu
- Ekki mikil símanotkun
- Það var hlustað á og borin virðing fyrir fulltrúum ungmennaráðsins.

Það sem hefði mátt fara betur:

- Meira hópefli.
- Fulltrúar ungmennaráðs með tölvur til að rita niður það sem fram fór.
- Betra upplýsingaflæði frá ungmennaráðinu, s.s. auglýsa ungmennapingið betur.
- Hafa þátttakendur sem VILJA taka þátt.
- Skólar undirbúi þátttakendur betur.
- Nafnspjöld fyrir alla
- Styttri tíma fyrir hvern umræðupunkt.

2. 2302317 - Niðurstöður ungmennapings.

Skólamál

- Fleiri gagnapróf
- Lokaverkefni í stað lokaprófa
- Íslenska almennt leiðinlegt fag í grunnskólum Garðabæjar
- Val um tungumál danska/spænska/pýska/franska
- Fjölbreyttara námsefni
- Betri mat í skólum, sleppa Matartímanum eða Skólamat
- Fá lífsleikni í allar unglingadeildir
- Meira samræmi og samskipti milli skóla

Samgöngur

- Strætó hættir að ganga alltof snemma út á Álftanes og Urriðaholt

- Strætóar númer 22 og 23 þurfa að ganga lengur
- Fleiri strætóstopp í Urriðaholtið
- Strætó mætir oft á röngum tíma
- Fleiri hophjól á Álftanesið
- Skelfileg leigubíla/strætóþjónusta á Álftanesið þegar strætó hættir að ganga.
- Strætóar eru mjög skítugir.

Fræðsla í skólum

- Fjármálafræðsla
- Samskiptafræðsla
- Næringarfræði
- Skyndihjálp fyrir nemendur
- Forritun
- Fjármálalæsi
- Læra að sækja um störf
- Kynjaskipt í kynfræðslu
- Betri fræðslu um framhaldsskóla (plaggöt ekki nóg)

Hugmyndir varðandi félagsmiðstöðvar

- Fleiri sameiginleg böll
- Stærri og meira pláss í Elítuna
- Eigið svæði fyrir Klakann
- Sameiginlegar opnanir í félagsmiðstöðvum
- Opið öll kvöld í öllum félagsmiðstöðvum

Tómstundir

- Lækka æfingagjöld
- Þjóða upp á ávexti o.fl. hollt á æfingum
- Stelpur upplifa í miklu mæli að strákaiþróttir séu teknar meira alvarlega heldur en stelpuþróttir. T.d. lagt meira þúður í körfubolta hjá strákum en stelpum
- Mikið um einelti hjá Stjörnunni sem lítið er gert í
- Erfitt fyrir unglinga á Álftanesi og Urriðaholti að koma sér á æfingar
- Auglýsa betur íþróttir fyrir erlenda nemendur
- Hafa jafnt í boði fyrir bæði kyn

Gaman í Garðabæ

- Hjólabrettasvæði í Urriðaholtið
- Ungmennahús
- Fleiri körfuboltavelli
- Hafa jólaþorp á Garðatorgi
- Hafa bæjarhátíð
- Gera Garðatorg meira spennandi

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

567. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 6. nóvember 2023
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. SSH Fjárhagsáætlun - 1910010

Framhald umræðu um starfs- og fjárhagsáætlun SSH 2024 frá 564. fundi.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi drög að fjárhags- og starfsáætlun ársins 2024 sem verða lögð fram til samþykktar á aðalfundi SSH 10. nóvember nk.

2. Stefnumráð - Úrgangsmál á höfuðborgarsvæðinu - 2209003

Fyrirliggjandi er umræðuskjal um áframhald þessa verkefnis og hugmyndir að áframhaldandi fyrirkomulagi vinnunnar en næsti fundur Stefnumráðs verður haldinn 17. nóvember nk. en þar verða kynntar endanlegar tillögur starfshóps í úrgangsmálum að sameiginlegum samþykktum sveitarfélaganna á sviði úrgangsmála.

Niðurstaða:

Umræður

3. Ályktun Skíðapings - aðstaða í Skálafelli - 2311001

Fyrirliggjandi er erindi Skíðasambands Íslands vegna ályktunar Skíðapings sem haldið var dagana 20. og 21. október 2023, um aðstöðu til æfinga og keppni í Skálafelli. Lagt er til að erindið verði sent Samráðsnefnd skíðasvæðanna til umsagnar.

Niðurstaða:

Fyrirliggjandi erindi verður sent Samráðsnefnd skíðasvæðanna til umsagnar.

4. Starfsnám laganema - 2305004

Fyrirliggjandi er tillaga um að gengið verði til samninga við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík um að SSH bjóði upp á ólaunað starfsnám fyrir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

meistaraneina í lögfræði. Slíkir samningar fela ekki í sér skuldbindingu um ráðningu heldur verði það metið hverju sinni hvort til námsvistar komi.

Niðurstaða:

Samþykkt

5. Umdæmisráð barnaverndar höfuðborgarsvæðisins - 2109010

Fyrirliggjandi til kynningar er minnisblað lögfræðings SSH dags. 20. október 2023, þar sem farið er yfir helstu atriði er snúa að starfsemi Umdæmisráðs barnaverndar í Kraganum og þeim úrlausnarmálum sem liggja fyrir, en gert er ráð fyrir að gerður verði viðauki við samning SSH og viðkomandi sviðsstjóra um fjárhagslega umsýslu SSH, þar sem þörf er á kaupum á búnaði og að SSH taki að sér launaumsýslu vegna ritara ráðsins, sem er í tímavinnu í hlutastarfi.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

6. Umsagnir þingmála - 1910005

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögnum SSH vegna annars vegar frumvarps til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 314. mál, og hins vegar draga að hvítbók um skipulagsmál og umhverfismatsskýrsla. Jón Kjartan Ágústsson er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir framangreint.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins.

Niðurstaða:

Samþykkt

7. Fjölsmiðjan - 1501007

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 21. september 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð stjórnar Fjölsmiðjunnar dags. 18. október 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

8. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 13. september 2023.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 11. október 2023.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:15.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

568. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 20. nóvember 2023
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður stjórnar, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum o.fl. - 2311003

Ármann Kr. Ólafsson, formaður starfshóps skipaðs af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, sem falið var að leggja til nýtt fyrirkomulag að eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum, kynnir fyrirbyggjandi skýrslu og tillögur hópsins.

Umræður.

Gestir

Ármann Kr. Ólafsson

Niðurstaða:

Framangreint verði tekið til frekari umræðu á vettvangi stjórnar SSH.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

121. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Álfthanesskóla á Álfthanesi í Garðabæ, föstudaginn 17. nóvember
2023
og hófst hann kl. 13:30.

Fundinn sátu:

Björg Fenger, Elís Guðmundsson, Harpa Þorsteinsdóttir, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kjartan Magnússon, Hjördís Ýr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Orri Björnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Lovísa Björg Traustadóttir, Pawel Bartoszek, Stefán Már Gunnlaugsson, Sævar Birgisson og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Formaður, Pawel Bartoszek, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Græni stígurinn - fýsileikaskýrsla - 2301008

Á 120. fundi var svæðisskipulagsstjóra og ráðgjafa falið að vinna úr umsögnum sem bárust við fýsileikaskýrslu og leggja framtillögur um áframhald verkefnisins á næsta fundi nefndarinnar.

Fyrirliggjandi til kynningar eru drög að umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 13. nóvember 2023, frumgreining á legu græna stígsins með athugasemdum dags. 14. nóvember 2023 og samantekt athugasemda dags. nóvember 2023.

Niðurstaða:

Formanni og svæðisskipulagsstjóra er falið að vinna áfram að frágangi erindis í samræmi við umræður sem fram koma á fundi og leggja fyrir á næsta fund nefndarinnar.

2. RVK Greining á tækifærum til útivistar og leikja við vötn og gönguskiðaiðkun - 2309015

Á 120. fundi var formanni og svæðisskipulagsstjóra falið að ræða við Borgarstjóra og formann SSH um útfærslu verkefnisins á vettvangi svæðisskipulagsnefndar, þ.á.m. fjármögnun og tímaáætlun.

Formaður mun grein fyrir viðræðum og ræða um mögulegt áframhald verkefnisins, til dæmis á vettvangi sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2024.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsstjóra falið að senda bréf til stjórnar SSH í samræmi við umræður undir þessu erindi ásamt tillögu að umsókn að áhersluverkefni sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2024.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

3. RVK Skotvellir á Álfsnesi - 2303014

Fyrirliggjandi er bréf frá borgarstjórn Reykjavíkur dags. 17. október 2023 þar sem óskað er eftir að svæðisskipulagsnefnd stofni starfshóp í samvinnu við nágranasveitarfélögin, Ölfus og Voga, sem hafi það að markmiði að finna framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar skotíþróttar. Byggt verði á fyrirliggjandi kostnaðarmati og staðarvalkostum er koma til greina í hjálagðri skýrslu EFLU, dags. 21. júní 2023.

Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri Aðalskipulags Reykjavíkur, er gestur fundarins undir þessum lið og mun kynna framlögð gögn.

Gestir

Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri aðalskipulags, Reykjavíkurborg. -

Niðurstaða:

Umræður.

Frestað

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

27. nóvember 2023,
19. fundur heilbrigðisnefndar, fundargerð.

Mánudaginn 27. nóvember 2023 fór fram 19. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) og hófst hann kl. 16:30.

Eftirtaldir aðalmenn voru boðaðir til fundarins, Linda Hrönn Þórisdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Bjarni Ingimarsson, Ingibjörg Hauksdóttir og Gnýr Guðmundsson. Eftirtaldir starfsmenn voru einnig á fundinum, Hörður Þorsteinsson, Þóra Dögg Jörundsdóttir og Ríkharður F. Friðriksson.

1. Skipulagsmál

1.1. Vinna við heildarsýn fyrir Kópavogsdal

Á fundi bæjarráðs Kópavogs þann 28. september síðastliðinn var samþykkt að skipa starfshóp til að vinna tillögum að heildarsýn fyrir Kópavogsdal og leggja mat á hvort ástæða sé til að gera breytingar á gildandi skipulagsáætlunum fyrir svæðið. Nánari afmörkun svæðisins miðast við deiliskipulagssvæði Kópavogsdals. Starfshópurinn kallar eftir umsögnum sem telja sig hafa hagsmuna að gæta í dalnum eða búa yfir þekkingu eða upplýsingum sem geta verið gagnlegar fyrir starfshópinn.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á mikilvægi þess, að áfram verði unnið að innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna til að hægja á rennsli regnvatns af götum, vegum og öðrum svæðum í fráveitukerfi sveitarfélagsins. Kópavogslækur sem liggur í gegnum Kópavogsdal, gegnir mikilvægu hlutverki sem móttaki fyrir blágrænar ofanvatnslausnir. Engu að síður þurfa öll yfirborðsvatnshlot að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu- og efnafræðilegu ástandi. Niðurstöður mælinga sýna að Kópavogslækur er í slæmu efnafræðilegu ástandi og gera þarf ráðstafanir til að úr því verði bætt. Við breytingar á gildandi skipulagsáætlunum fyrir svæðið er nauðsynlegt að hugað verði að lausnum til að bæta vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand Kópavogslækjar. Mikilvægt er að gert sé ráð fyrir ofanvatnsmannvirkjum s.s. safnlautum eða tjörnum í dalnum og beita þannig náttúrulegri hreinsun til að koma í veg fyrir að mengunarefni berist í Kópavogslæk.

Í áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029, „Hreint loft til framtíðar“ eru sett fram meginmarkmið um að viðhalda loftgæðum á Íslandi. Heilbrigðisnefnd rekur loftgæðastöð í Dalsmára nokkurn veginn í botni Kópavogsdals þar sem mæld eru loftgæði í dalnum og hefur stöðin verið rekin í um átta ár, eða frá árinu 2016. Tvær megin umferðaræðar eru ekki langt undan, Hafnarfjarðarvegur til vesturs og Reykjanesbraut til austurs, auk þess sem verslunarmiðstöðin Smáralind liggur nærri með tilheyrandi umferð. Ekki hafa verið miklar breytingar á loftgæðum í Kópavogsdal á þeim tíma sem mælingar hafa staðið yfir nema hvað Nituroxíðmengun sem er mjög tengd umferð hefur aukist. Það er mikilvægt að við breytingar á skipulagsáætlunum fyrir svæðið verði unnið út frá þeim meginmarkmiðum að viðhalda loftgæðum í Kópavogsdal.

SKM
WAB
B.L.

2. Önnur mál

2.1. *Reglugerð um takmarkanir á meðferðum til útlitsbreytinga*

Heilbrigðisráðuneytið kynnti drög að reglugerð um takmarkanir á meðferðum til útlitsbreytinga án læknisfræðislegs tilgangs. Heilbrigðiseftirlitið hefur eftirlit með snyrtistofum þar á meðal stofum þar sem framkvæmdar eru aðgerðir með sömu aðferðum og í sama tilgangi og um er fjallað í reglugerðinni. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að skynsamlegt sé að setja takmarkanir á útlitsbreytingar án læknisfræðilegs tilgangs til samræmis við t.d. aldursmörk á sólbaðstofum. Þá vantar alveg að skilgreina í reglugerðinni hver fer með framkvæmd reglugerðarinnar og eðlilegt að það sé á verkahring heilbrigðiseftirlits, enda eru bæði snyrtistofur og læknaðstofur undir eftirliti heilbrigðiseftirlits.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

2.2. *Stjórnsýslukæra Smartco ehf. – sölustöðvun.*

Þann 10. október 2023 kærði Smartco ehf. þá ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness að setja á sölustöðvun á morgunkorni í verslun fyrirtækisins. Að mati kæranda hafi skilyrði sölustöðvunar ekki verið fyrir hendi, enda varan fullnægt skilyrðum laga. Þannig hafi kærandi aflað upplýsinga frá framleiðanda til staðfestingar þess að vörurnar innihaldi aðeins þau efni sem tilgreind eru í innihaldslýsingu. Þá hafi heilbrigðiseftirlitið ekki hnekkð þeirri staðhæfingu, enda hefur það ekki bent á ólögmat innihaldsefni í vörunum.

Heilbrigðiseftirlitið hefur sent inn umsögn sína við kærana þar sem m.a. kemur fram að fyrir liggur yfirlýsing framleiðanda um að morgunkornið uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru á Evrópsku efnahagssvæði um innihaldsefni í matvælum og þá geti gögn sem kærandi hafi aflað og lagt fram ekki komið í stað matvælaupplýsinga frá framleiðanda matvæla. Þá eru gögnin með engu móti fullnægjandi til að upplýsa um öll innihaldsefni matvæla eða sýna fram á öryggi þeirra. Heilbrigðiseftirlitið telur því rétt að ákvörðunin um sölustöðvun verði staðfest, enda sé það eina leiðin til að tryggja neytendavernd og að ekki séu á markaði óörugg matvæli.

Bókun:

Lagt fram til kynningar.

2.3. *Skýrsla mennta- og barnamálaráðherra um tjón af völdum myglu í leik- og grunnskólum.*

Lögð fram skýrsla mennta- og barnamálaráðherra um tjón af völdum rakaskemmda og myglusvepps í leikskólum og grunnskólum. Í skýrslunni er leitast við að svara fyrirspurn sem kom fram á Alþingi um kostnað sveitarfélaganna vegna þessara tjóna undanfarin 10 ár og hversu miklum kostnaði vegna þessa væri að vænta á næstu árum. Einnig var spurt um hvað er vitað um áhrif þessa á heilsu starfsmanna og nemenda í leikskólum og grunnskólum til lengri eða skemmri tíma. Þá er óskað eftir því að ráðuneytið meti hversu mikil útgjöld hafa orðið undanfarin 10 ár vegna röskunar á starfsemi leikskóla og grunnskóla í kjölfar lokunar og rýmingar á húsnæði vegna rakaskemmda og myglusvepps.

SKW
WJ
28
B.I.

Ráðuneyti gerði könnun hjá sveitarfélögunum til að afla upplýsinga um kostnað þeirra vegna rakaskemmda og myglusvepps í leikskólum og grunnskólum og voru niðurstöðurnar á þá lunda að meirihluti þeirra sveitarfélaga sem svöruðu könnun ráðuneytisins hefur orðið fyrir tjóni af völdum raka og myglusvepps í leik- og grunnskólum. Ljóst er að samkvæmt lögum og viðeigandi reglugerðum eru gerðar ákveðna kröfur til húsnæðis leik- og grunnskóla, þar með talið lögum nr. 90/2008 og 91/2008 um leik- og grunnskóla, auk þess sem uppfylla þarf kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Þessar lagareglur leggja ríkur skyldur á sveitarfélög um að halda við skólahúsnæði til að koma í veg fyrir rakavandamál þannig að sem minnst röskun verði á skólastarfi.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að heilbrigðiseftirlitið hefur gert athugasemdir þegar grunur er um rakaskemmdir í húsnæði leik- og grunnskóla. Misjafnt er hvernig unnið hefur verið áfram hjá sveitarfélögunum með þær ábendingar, en yfirleitt hafa þær leitt til frekari skoðunar við að finna uppruna rakaskemmda. Enga síður geta ummerki um rakaskemmdir og myglu leynt á sér og verða ekki uppgötvuð við hefðbundið heilbrigðiseftirlit. Í ljósi þess að húsnæði og aðbúnaður leik- og grunnskóla skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks er mikilvægt að sveitarfélög séu vakandi gagnvart þeim ábendingum og vísbendingum sem þeim berast um hugsanlegar rakaskemmdir og myglu og gera ráðstafanir til að viðhalda húsnæðinu þannig að það uppfylli ákvæði laga og reglugerða.

2.4. Formaður heilbrigðisnefndar gerði grein fyrir niðurstöðu fundar sem boðaður var af umhverfisráðuneytinu í framhaldi af kynningu starfshóps um opinbert eftirlit sem haldin var 14. nóvember sl. Starfshópur ráðuneytisins hefur hafið undirbúning á eftirfylgni á skýrslu starfshópsins og ætlar að funda með heilbrigðiseftirlitssvæðunum. Ármann Kr. Ólafsson formaður starfshópsins ásamt þeim Kjartani Ingvarssyni lögfræðingi og Guðjóni Bragasynti lögfræðingi sem jafnframt var ritari starfshópsins sátu fundinn af hálfu ráðuneytisins en Hörður Þorsteinsson, Linda Hrönn Þórisdóttir og Hannes Tryggvi Hafstein sátu fundinn fyrir hönd heilbrigðisnefndar. Rætt var um næstu skref og verkefnin fram undan.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd ítrekar bókun sína frá 30. október sl. um afstöðu sína gagnvart þeim tillögum sem koma fram í skýrslu starfshópsins um að ríkisvæða verkefni heilbrigðiseftirlits undir stofnanir ríkisins, þ.e. Umhverfisstofnun og Matvælastofnun, séu óraunhæfar og ekki til þess fallnar að leysa þann vanda sem starfshópurinn telur að finna megi í skipulagi á opinberu eftirliti hér á landi. Mun einfaldara og hagkvæmara er að lagfæra þær brotalamir sem er að finna í samræmingar hlutverki Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar með því að styrkja þær einingar stofnanna sem sjá eiga um samræmingu og leggja ríka áherslu á skýrara regluverk af hálfu ráðuneyta til að tryggja einfaldara og samræmt eftirlit.

Heilbrigðisnefnd tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í skýrslu starfshópsins að leggja þurfi ríka áherslu á rafræna afgreiðslu og einföldun í leyfisveitingum. Þannig mæti t.d. skoða hvort ekki sé skynsamlegt að fela heilbrigðisnefndum að sjá um útgáfu rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði með það að markmiði að rekstraraðilar þurfi ekki að sækja um leyfi á mörgum stöðum og einnig

Handwritten signatures and initials:
[Signature] SKL
[Signature] B.I.

mæti skoða hvort bæta má rafrænar tengingar við byggingar- og skipulagsfulltrúa sveitarfélaganna með það að markmiði að einfalda umsóknarferli rekstraraðila.

Mikilvægasti hlekkurinn í þjónustu heilbrigðisnefnda felst í því að rekstraraðilinn fær eftirlit úr nærumhverfinu þar sem staðgóð þekking er til staðar á umhverfispáttum og áherslum hvers sveitarfélags gagnvart uppbyggingu atvinnulífs og annarrar starfsemi.

2.5. Starfsmannamál.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir breytingum í starfsmannahópnum.

Bókun:


Lagt fram til kynningar.


Linda Hrönn Þorisdóttir


Gnýr Guðmundsson


Svanur Karl Grjetarsson


Hannes Trygvi Hafstein


Bjarni Ingimarsson


Ingibjörg Hauksdóttir

3. Starfsleyfi og skráningar

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 02.11. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.1 Miðhraun 24, Garðabæ – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Gunnar Sveinsdóttur f.h. Bónus, kt. 450199-3389, dags. 19.09.2023, þar sem sótt er um leyfi fyrir matvöruverslun að Miðhrauni 24, Garðabæ. Fastanúmer F2329866. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 31.10.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 29.09.2023. Jákvæð svar frá byggingafulltrúa dags. 27.10.2023
Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.2 Strandgata 6, Hafnarfjörður – jólahjarta Hafnarfjarðar

Lögð fram umsókn Páls Eyjólfsssonar f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550, dags. 31.10.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tjald fyrir aftan Bæjarbíó v/Jólahjarta Hafnarfjarðar 2023 að Strandgötu 6, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079433. Tímabundin starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 08.06.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi frá 16.11.2023-23.12.2023 frá kl. 17.00 – 22.00.

3.3 Njarðarholt, Mosfellsbær – daggæsla

Lögð fram umsókn Sigrúnar G. Erlingsdóttur og Guðrúnar Valdemarsdóttur kt. 260570-4989/100598-2489 f.h. Gæsluvöllur Róló, dags. 25.10.2023, þar sem sótt er um um starfsleyfi fyrir daggæslu barna að Njarðarholti, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2084194. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 29.11.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.4 Strandgata 6, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.10.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu þann 16.11.2023- 23.11.2023 frá kl. 16.00 – 22:00 tjald á Mathiesen torgi aftan við útisvæði Bæjarbíós, Hafnarfirði Áætlaður gestafjöldi 200 manns. Eftirlitsskýrsla 08.06.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.5. Strandgata 6, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.10.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu þann 23.11.2023- 30.11.2023 frá kl. 15.00 – 22:00 tjald á Mathiesen torgi aftan við útisvæði Bæjarbíós, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 200 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 08.06.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.6. Strandgata 6, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi ÁD

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.10.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu þann 01.12.2023- 08.12.2023 frá kl. 15.00 – 22:00 tjald á Mathiesen torgi aftan við útisvæði Bæjarbíós, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 200 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 08.06.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.7. Strandgata 6, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.10.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu þann 09.12.2023- 16.12.2023 frá kl. 15.00 – 22:00 tjald á Mathiesen torgi aftan við útisvæði Bæjarbíós, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 200 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 08.06.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.8. Strandgata 6, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.10.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu þann 17.12.2023- 23.12.2023 frá kl. 15.00 – 22:00 tjald á Mathiesen torgi aftan við útisvæði Bæjarbíós, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 200 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 08.06.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.9. Reykjavíkurvegur 48, Hafnarfjörður – niðurrif mannvirkja

Lögð fram umsókn Björns Steinars Sigurjónssonar f.h. Íslenskir aðalverktakar hf., kt.660169-2379, dags. 24.10.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif mannvirkja, rif á asbest klæðningu í umbúðageymslu að Reykjavíkurvegi 48, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078615. Tímabundin starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 24.10.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 08.11. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísun til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.10. Hringhella 3, Hafnarfjörður – móttökustöð úrgangs

Lögð fram umsókn Úlfars Haraldssonar f.h. Hati ehf., kt. 450711-0710, dags. 02.11.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir flutning úrgangs og móttökustöð að Hringhelli 3, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2077761. Breyting á starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

3.11. Thorsplan, Hafnarfjörður – tímabundin veitingasala SKÁ (afgr. 8/11)

Lögð fram umsókn Krisztján Kapás kt.311082-3539, dags. 05.11.2023, þar sem sótt er um tímabundið leyfi til sölu á Ungversku bakkelsi aðallega til neyslu á staðnum, í Jólaborpinu á Thorsplani Hafnarfirði, frá 17.11.2023 – 23.12.2023. Eftirlitsskýrsla dags. 07.11.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er tímabundið leyfi samþykkt.

3.12. Hljóðalind 9, Kópavogur – dreifing matvæla ÞDJ (afgr. 8/11)

Lögð fram umsókn Elínar Kristínar Guðmundsdóttur, f.h. JMG slf., kt. 580321-2320 dags. 27.10.2023 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Hljóðalind 9, Kópavogi. Fasteignanr. F2224642. Ný starfsemi. Dreifing frá Holtt og gott, Reykjavík. Eftirlitsskýrsla dags. 07.11.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.13. Hólshraun 5, Hafnarfjörður - Beiðni um umsögn umsóknar um leyfi til sölu áfengis á framleiðslustað.

Lagt fram bréf sýslumannsins á Suðurlandi dags. 09.10.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Íslenskrar hollustu ehf., kt. 601005-1150, þar sem sótt er um leyfi til sölu áfengis á framleiðslustað að Hólshrauni 5, Hafnarfirði, fnr.F2075829.

Jákvæð umsögn staðfest.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og

Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.14. Íshella 7, Hafnarfjörður – vélaverkstæði og stálsmiði

Lögð fram umsókn Hrafn Helgasonar f.h. Cyltech ehf., kt.671217-0550, dags. 17.10.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir vélaverkstæði og stálsmiði að Íshelli 7, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2294240. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.08.11.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 18.10.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 18.10.2023. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest.

3.15. Hamraborg 1-3, Kópavogur – sólbaðsstofa

Lögð fram umsókn Ragnars Ólafs Magnússonar, f.h. Sportsól., kt. 531023-0480 dags. 29.10.2023 þar sem sótt er um skráningu fyrir sólbaðsstofu að Hamraborg 1-3, Kópavogi. Fasteignanr. F2061176. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 07.11.2023..

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er skráning staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 15.11. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.16. Flatahraun 5b, Hafnarfjörður – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Guðjóns Rúnarssonar, f.h. Kjarnavara hf., kt. 630889-1039, dags. 07.12.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Flatahrauni 5b, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2011293. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 08.11.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3.17. Fagrákinn 8, Hafnarfjörður – innflutningur og dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Wanis Debongnie f.h. Be WD ehf., kt. 711023-0380, dags. 9.11.2023 þar sem sótt er um leyfi fyrir innflutningu og dreifingu matvæla. Lögheimili að Fögrukinn 8, Hafnarfirði. Fasteignanr. F 2074668. Dreifing frá vöruhótel. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 14.11.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarreglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3.18. Strandgata 90, Hafnarfjörður – krá

Lögð fram umsókn Önnu Maríu Karlsdóttur f.h. Ægir 220 ehf., kt.670723-0890, dags. 07.11.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir samkomustað og krá að Strandgötu 90, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079509. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 09.11.2023.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 08.11.2023. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 08.11.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3.19. Thorsplan, Hafnarfjörður – jólaborpi

Lögð fram umsókn Sunnu Magnúsdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar kt. 590169-7579, dags. 28.10.2023, þar sem sótt er um leyfi fyrir útimarkaði í sölubásunum í tengslum við jólaborpið á Thorsplani Hafnarfirði, frá 17.11.2023 – 23.12.2023. Eftirlitsskýrsla dags. 15.11.2023.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er tímabundið leyfi samþykkt.

3.20. Núpaland 1, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Ragnars Ólafs Magnússonar f.h. Kleinhúringja ehf./The Dons Donuts kt. 420523-2700 dags. 03.07.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir framleiðslu og sölu á djúpsteiktum kleinhúringjum að Núpaland 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2232639. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 17.05.2023.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1 árs meðan unnið er kröfum byggingafulltrúa.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.21. Breiðumýri, Garðabæ – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 14.11.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Lions Álftanesi., Jóhann Jónsson kt. 140963-2759 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi þann 23.12.2023 frá kl. 10.00 – 21.30 í Íþróttamiðstöðinni Álftanesi, Breiðumýri í tilefni af þorláksmessuskötu Lions Álftanes. Áætlaður gestafjöldi 200 manns.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.22. Strandgata 34, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31.10.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Krydd Veitingahús ehf., kt. 550318-1720 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu þann 17.11.2023 frá kl. 17.00 -22.00 í tilefni af vinkynningu í jólabænum Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 100 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 15.11.2023

Jákvæð umsögn staðfest.

3.23. Strandgata 34, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31.10.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Krydd Veitingahús ehf., kt. 550318-1720 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu þann 24.11.2023 frá kl. 17.00 -22.00 í tilefni af vinkynningu í jólabænum Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 100 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 15.11.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.24. Strandgata 34, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31.10.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Krydd Veitingahús ehf., kt. 550318-1720 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu þann 01.12.2023 frá kl. 17.00 -22.00 í tilefni af vínkynningu í jólabænum Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 100 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 15.11.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.25. Strandgata 34, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31.10.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Krydd Veitingahús ehf., kt. 550318-1720 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu þann 08.12.2023 frá kl. 17.00 -22.00 í tilefni af vínkynningu í jólabænum Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 100 manns. Eftirlitsskýrsla dags.15.11.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.26. Strandgata 34, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 31.10.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Krydd Veitingahús ehf., kt. 550318-1720 þar sem sótt er um tækifærisleyfi – tímabundið áfengisleyfi vegna samkomu þann 15.12.2023 frá kl. 17.00 -22.00 í tilefni af vínkynningu í jólabænum Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 100 manns. Eftirlitsskýrsla dags.15.11.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.27. Strandgata 90, Hafnarfjörður – rekstrarleyfi

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.11.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ægir 220 ehf., kt. 670723-0890, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir Veitingaleyfi -F Krá í fl. II. að Strandgötu 90, Hafnarfirði, fnr. F2079509. Eftirlitsskýrsla dags.09.11.2023.

Jákvæð umsögn staðfest.

Afgreiðslufundir heilbrigðiseftirlits dags. 22.11. 2023.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra fallinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.28. Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Lilju Margrétar Hreiðarsdóttur f.h. Casa Italia ehf., kt. 700307-2120 dags. 12.06.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Eftirlitsskýrsla dags.17.11.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

3.29. Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Hjalmar Arnar Erlingssonar, f.h. Fun Food ehf., kt. 571023-1560, dags. 06.11.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Eftirlitsskýrsla dags. 21.11.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

3.30. Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Önnu Margrétar Ólafsdóttur, f.h. AMO Crepes, kt. 450523-1860, dags. 06.11.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Eftirlitsskýrsla dags. 21.11.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

3.31. Ögurhvarf 8, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Björns Björnssonar f.h. BEI Import ehf., kt. 620118-1840 dags. 03.11.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Ögurhvarfi 8, Kópavogi. Fasteignanr. F2273857. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 22.11.2023.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

3.32. Hamarsbraut 4, Hafnarfjörður - rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 10.11.2023 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Úlfars Brynjarssonar kt. 090456-5559, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II. að Hamarsbraut 4, Hafnarfirði, fnr.F2075193.

Neikvæð umsögn heilbrigðisnefndar, með tillit til umsagnar byggingafulltrúa.

3.33. Kaplakriki íþróttahús, Hafnarfjörður – tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.11.2023, þar sem óskað er umsagnar á umsókn f.h. Kvennaskólans í Reykjavík, kt. 650276-0359 þar sem sótt er um tækifærisleyfi vegna samkomu þann 30.11.2023 frá kl. 21.30 -01.00 í Kaplakrika, Hafnarfirði. Áætlaður gestafjöldi 1500 manns. Eftirlitsskýrsla dags. 12.09.2023

Jákvæð umsögn staðfest.

Upplýsingar um staðfestingu á skráningarskyldum atvinnurekstri í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.34. Ásbúðartröð 17, Hafnarfjörður – garðaúðun og meindýravarnir

Lögð fram umsókn Annþórs Kristjáns Karlssonar f.h. A Fagmenn ehf., kt. 650321-1970, dags. 12.10.2023, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir garðaúðun og meindýravarnir að Ásbúðartröð 17, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2076217. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 22.11.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

3.35. Smiðjuvegur 4E, Kópavogi – bifreiða og vélaverkstæði

Lögð fram umsókn Vignis Oddssonar, kt. 190678-5399, dags. 13.11.2023, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða og vélaverkstæði að Smiðjuvegi 4E Kópavogi. Fasteignanr. F2065254. Endurnýjun á eldra starfsleyfi. Eftirlitsskýrsla dags. 15.11.2023.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnarreglugerðar er skráning staðfest.

Tóbaksleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísun til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.36. Auðbrekka 4, Kópavogur – tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn fyrir Kurdish ehf., kt. 590722-1030 þann 17.11.2023 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Family Market, Auðbrekku 4, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 13.11.2023.

Leyfisveiting staðfest.

3.37. Búðakór 1, Kópavogur – tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn fyrir Samkaup hf., kt. 571298-3769 þann 14.11.2023 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Krambúðina Búðakór 1, Kópavogi.

Leyfisveiting staðfest.

Fundargerð

**254. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu
slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14,
föstudaginn 3. nóvember 2023, kl. 15:05.**

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Jón Viðar Matthíasson, Birgir Finnsson og Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

1. 9 mánaða uppgjör - 2311002

Samstæðuárshlutareikningur SHS 30. september 2023 lagður fram.

Niðurstaða

Staðfest.

Fylgiskjöl

SHS 254 2.1 9 mánaða uppgjör 2023.pdf

2. Starfsstöðvar SHS til framtíðar - 2301008

Farið yfir tillögur starfshóps um húsnæðismál SHS til framtíðar.

Niðurstaða

Stjórn mun kynna tillögur starfshópsins á ársfundi SSH og byggðasamlaganna 10. nóvember nk. Þar gefst kjörnum fulltrúum aðildarsveitarfélaganna færi á að kynna sér tillögurnar og gera athugasemdir við þær.

Gestir

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri skrifstofu framkvæmda og viðhalds,
Reykjavíkurborg, formaður starfshóps -

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðarbæjar -

3. Önnur mál - 2301017

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16:00.

Dagur B. Eggertsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Almar Guðmundsson

Ásdís Kristjánsdóttir

Þór Sigurgeirsson

Regína Ásvaldsdóttir

Fundargerð

45. fundur framkvæmdaráðs almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, Skógarhlíð 14, föstudaginn 3. nóvember 2023, kl. 14:30.

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Jón Viðar Matthíasson, Birgir Finnsson, Ingveldur Lára Þórðardóttir, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, Halla Bergþóra Björnsdóttir og Ásgeir Þór Ásgeirsson.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

1. Jarðhræringar á Reykjanesi - 2208010

Farið yfir stöðu mála varðandi jarðhræringarnar á Reykjanesi og þann viðbúnað sem AHS og sveitarfélögin hafa og munu grípa til ef/þegar til goss kemur, m.a. vegna mögulegrar móttöku íbúa vegna rýmingar.

Niðurstaða

Aðgerðastjórn verður í viðbragðsstöðu og fylgist grannt með, áætlanir varðandi móttöku eru tilbúnar ef þörf krefur.

2. Önnur mál - 2208013

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 15:05.

Dagur B. Eggertsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir

Almar Guðmundsson

Þór Sigurgeirsson

Regína Ásvaldsdóttir

Fundargerð

46. fundur framkvæmdaráðs almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins haldinn á skrifstofu framkvæmdastjóra AHS, Skógarhlíð 14, laugardaginn 11. nóvember 2023, kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Almar Guðmundsson, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Jón Viðar Matthíasson, Birgir Finnsson, Þóra Kristín Ásgeirsdóttir og Halla Bergþóra Björnsdóttir.

Fundargerð ritaði: Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarna.

Gestir fundarins voru Fannar Jónsson bæjarstjóri Grindavíkurbæjar og Þorsteinn Gunnarsson borgarritari.

1. Jarðhræringar á Reykjanesi - 2208010

Undir miðnætti 10. nóvember ákvað Lögreglustjórinn á Suðurnesjum í samráði við almannavarnadeild RLS að rýma Grindavík og um leið var neyðarstigi lýst yfir. RKÍ opnaði fjöldahjálparstöðvar fyrir íbúa Grindavíkur á Selfossi, í Reykjanesbæ og í Kórnum í Kópavogi. Mikill einhugur ríkir hjá sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu í að styðja vel við bakið á Grindavíkurbæ og Grindvíkingum og veita þeim alla þá aðstoð sem þau þurfa á að halda.

Fannar Jónasson fór yfir stöðu mála frá sjónarhorni Grindavíkurbæjar, en innviðir, gatna- og veitukerfi eru illa farin eftir jarðskjálftana.

Rætt um málefni félagsþjónustu, velferðar, leik- og grunnskóla, íþróttar- og tómstundastarfsemi og lausn húsnæðismála fyrir íbúana til lengri tíma.

Niðurstaða

Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna (SST) fól starfsfólki AHS að hefja vinnu við að börn á leikskóla- og grunnskólaaldri frá Grindavík geti hafi skólagöngu að nýju eins fljótt og hægt er. Sú vinna er þegar hafin með stjórnendum Grindavíkurbæjar ásamt stjórnendum skóla- og frístundasviða á HBS og Reykjanesi og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og verður unnið nánar um helgina og næstu daga.

Ákveðið var að sveitarfélögin á HBS virki neyðarstjórnir sínar til að vera reiðubúin að taka að sér verkefni, s.s. á sviði velferðar, skóla og frístunda, íþróttar og tómstunda og umhverfismála með svipuðu sniði og á Covid-tímum. Einnig var starfsfólki AHS falið að samræma vinnu neyðarstjórnanna og að kalla sviðsstjóra og aðra sem málið varðar til funda og samráðs.

Lögð var áhersla á mikilvægi þess að farið verði eftir þeim ferlum sem eru til staðar innan almannavarnakerfisins, þá í samvinnu við SST og AST HBS.

2. Önnur mál FAHS - 2208013

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17:00.

Dagur B. Eggertsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Ásdís Kristjánsdóttir

Almar Guðmundsson

Pór Sigurgeirsson

Regína Ásvaldsdóttir



FUNDARGERÐ 486. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 26. september 2023. Fundurinn er settur klukkan 08:10. Fundurinn er fjarfundur.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund með fjarfundi: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Hlöðversson, Sævar Birgisson í forföllum Aldísar Stefánsdóttur, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Athugasemdir ESA vegna undanþágu byggðasamlaga undan tekjuskatti

Haraldur Flosi Tryggvason Klein og Oddur Ástráðsson, lögmönnum LMG, taka sæti á fundinum við upphaf fundar.

Haraldur og Oddur leggja fram minnisblað um málið og kynna greiningu sína á stöðu máls ESA gegn íslenska ríkinu vegna almennrar tekjuskattsundanþágu SORPU. Staða málsins er reifuð á 482. fundi stjórnar SORPU.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

„Að fenginni kynningu á greiningu og niðurstöðu LMG lögmanna á stöðu máls ESA gegn íslenska ríkinu vegna almennrar tekjuskattsundanþágu SORPU hefur stjórn samlagsins komist að þeirri niðurstöðu að leggja það til við Menningar- og viðskiptaráðuneytið að hefja skuli samtal við ESA sem miði að því að endurskoða fyrirkomulag á tekjuskattsundanþágu SORPU í ljósi ríkisaðstoðarreglna EES-samningsins.

Framkvæmdastjóra er falið að annast nauðsynlegan rekstur málsins af hálfu SORPU, og kynna málið á vettvangi eigenda.“

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 08:52

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 3. október klukkan 08:00.

Fullgild rafræn undirskrift

SÆVAR BIRGISSON

Kennitala: 150288-2319

2023-10-23 08:24:50 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ÁRELÍA EYDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR

Kennitala: 151058-4869

2023-10-23 15:40:31 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

VALDIMAR VÍÐISSON

Kennitala: 100978-3309

2023-10-23 15:52:29 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

GUÐFINNUR GUÐJÓN SIGURVINSSON

Kennitala: 190878-4069

2023-10-10 13:30:57 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON

Kennitala: 200664-2139

2023-10-19 09:44:11 GMT

Ástæða: Undirskrift

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2023, miðvikudaginn 28. nóvember var haldinn 418. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14 og hófst kl. 08:11.

Mættir: Þorvaldur Daníelsson formaður, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Bjarni Theódór Bjarnason Garðabæ og Valdimar Birgisson varamaður fyrir Sævar Birgisson Mosfellsbæ.

Jafnframt: Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri, Magnús Árnason forstöðumaður skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð bæjarstjórnar Kópavogs frá 14. nóvember 2023 þar sem fram kemur að Andri Steinn Hilmarsson hafi verið kosinn aðalmaður í samstarfsnefnd skíðasvæðanna og Hjördís Ýr Johnson verði varamaður.
<https://www.kopavogur.is/is/stjornsysla/fundargerdir/baejarstjorn/3696>
2. Lögð fram beiðni Kristjönu Jónsdóttur um styrk vegna útgáfu bókar um sögu Bláfjalla. Erindið hlýtur ekki stuðning.
3. Lagt fram bréf SSH dags. 15. nóvember 2023 þar sem vísað er til umsagnar erindi Skíðasambands Íslands um aðstöðu til æfinga og keppni Skálafelli. Vísað til sviðsstjóra og forstöðumanns til kostnaðargreiningar.
4. Rætt um bókun SSH á fundi 16. október 2023 um Skálafell.
5. Lagt fram minnisblað forstöðumanns dags 15. nóvember 2023 um stöðuna í fjöllumunum. Stefnt er á opnun Bláfjalla um miðjan desember.

Fundi slitið kl. 09:30

Þorvaldur Daníelsson

Kristín María Thoroddsen
Valdimar Birgisson
Magnús Örn Guðmundsson

Bjarni Theódór Bjarnason
Andri Steinn Hilmarsson

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

377. fundur

Föstudaginn 1. nóvember 2023 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 08:30. Fundurinn var haldinn að Hesthálsi 14.

Mætt voru:

Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT), Alexandra Briem (AB), sem stýrði fundi og Þór Sigurgeirsson frá Seltjarnarnesi sat fundinn.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Útboð á akstri nr. 15887
2. Kjarasamningur við Sameyki

Tekið fyrir:

1. Hæfismál

Stjórnarformaður Strætó vakti máls á því þegar hann tók við sem stjórnarformaður að hann gæti ekki tekið þátt í ákvörðunum sem snerta félagið Icelandia ehf, þar sem Stefnir hf, félagið sem hann vinnur fyrir á hluti í Icelandia ehf, sem á hlut í Hópbifreiðum Kynnisferða ehf er einn bjóðanda í útboði um akstur og vék hann sæti á fundinum og óskaði eftir að eftirfarandi yrði bókað.

Undirritaður óskar eftir að víkja sæti í ákvörðunartöku á verktaka í útboði fyrir akstur Strætó bs. Kemur þetta til vegna starfa minna fyrir Stefni hf, sem er sjóðastýringarfyrirtæki í eigu Arion banka. Þar gengi ég starfi forstöðumanns hlutabréfa og blandaðra sjóða.

Eins og ég hef gert grein fyrir á stjórnarfundum á framtakssjóður í stýringu Stefns hf. hlut í Icelandia sem á hlut Kynnisferðum. Um er að ræða minnihluta, eða liðlega 20%. Framtakssjóðir heyra ekki undir mitt svið og þurfa að vera skýrt aðskildir í rekstri Stefns skv. lögum og reglum.

Það er engu að síður mat mitt að það komi ekki til greina að taka þátt í vali á rekstraraðila, enda eru ofangreind tengls þess eðlis að draga megí óhlutdrægni mína í efa. Ég lýsi mig því vanhæfan í ákvörðunartöku í útboði fyrir akstur Strætó.

Magnús Örn Guðmundsson

Stjórnarformaður Strætó

Fyrir liggur minnisblað frá Guðmundi Siemsen að beiðni Strætó þar sem fjallað er um hæfismál.

Stjórn Strætó bs. fellst á að Magnús víki sæti við meðferð málsins.

2. Útboð á akstri nr. 15887

Guðmundur Siemsen, lögfræðingur frá Advel og Sigurður Guðjón Jónsson, ráðgjafa frá Mannviti komu á fundinn og reifuðu stöðuna á útboðinu og hver næstu skref gætu orðið. Opnun tilboða fór fram 28. september 2023 og bárust tilboð frá þremur aðilum, sem reyndust öll vera hærri en kostnaðaráætlun Strætó. Fjallað hefur verið um niðurstöðu útboðsins á nokkrum fundum stjórnar og á eigendafundi. Tillaga framkvæmdastjóra er að hafna öllum tilboðum í útboðinu sem óaðgengilegum með vísan til þess að þau eru umfram kostnaðaráætlun. Stjórn samþykkir tillöguna og heimilar framkvæmdastjóra að ráðast í nýtt innkaupaferli í samræmi við umræður á fundinum. Á næsta fundi stjórnar verður tillaga um fyrirkomulag innkaupaferlisins lögð fram af framkvæmdastjóra, lögfræðingi og ráðgjafa.

3. Kjarasamningsviðræður við Sameyki

Framkvæmdastjóri kynnti nýjan kjarasamning við Sameyki. Samningur gildir til 31. mars 2024 og lagði til að hann yrði samþykktur.

Stjórn samþykkir framlagðan kjarasamning.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 9:30

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

378. fundur

Föstudaginn 8. nóvember 2023 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 11:45. Fundurinn var haldinn að Hesthálsi 14.

Mætt voru:

Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE), Andri Steinn Hilmarsson (ASH) fjarfundi, Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT), Alexandra Briem (AB), sem stýrði fundi og Þór Sigurgeirsson frá Seltjarnarnesi sem sat fundinn.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Útboð á akstri nr. 15887

Tekið fyrir:

1. Útboð á akstri nr. 15887

Lagt var fram minnisblað frá Guðmundi Siemsen, lögmanni og Sigurði Guðjón Jónssyni, ráðgjafa frá Mannviti fyrirkomulag innkaupaferlis við útboð á akstri fyrir Strætó eftir að Strætó hafnaði tilboðum í útboð á akstri þar sem þau voru öll óaðgengileg

Stjórn óskaði eftir minnisblaði um þarfir, kröfur og markmið með nýju innkaupaferli.

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

379. fundur

Föstudaginn 15. nóvember 2023 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 08:00. Fundurinn var haldinn að Hesthálsi 14.

Mætt voru:

Hrannar Bragi Eyjólfsson (HBE), Andri Steinn Hilmarsson (ASH) í fjarfundi, Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT), Alexandra Briem (AB), sem stýrði fundi og Þór Sigurgeirsson frá Seltjarnarnesi sem sat fundinn.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Útboð á akstri nr. 15887

Tekið fyrir:

1. Útboð á akstri nr. 15887

Lagt var fram minnisblað frá Guðmundi Siemsen, lögmanni og Sigurði Guðjón Jónssyni, ráðgjafa frá Mannviti um tilgang og markmið Strætó bs með nýju innkaupaferli við útboð á akstri. Helstu atriði eru að skýra og einfalda útboðsgögn og eftir atvikum minnka áhættuþætti við framkvæmd þjónustunnar á samningstímanum.

Framkvæmdastjóra var falið að hefja undirbúning að nýju innkaupaferli í samræmi við umræður á fundinum og upplýsa stjórn reglulega um stöðu mála..

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 9:30

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

380. fundur

Föstudaginn 24. nóvember 2023 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30. Fundurinn var haldinn að Hesthálsi 14.

Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Hrannar Bragi Eyjólfsen (HBE), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Árshlutauppgjör janúar til september 2023
2. Vagnakaupaútboð niðurstaða (2 vagnar)
3. Tryggingarútboð
4. Dómsmál Teitur gegn Strætó - niðurstaða Landsréttar
5. Vagnakaup næsta árs
6. Sölutölur
7. Starfsáætlun 2024
8. Innri endurskoðunaráætlun ef hún verður tilbúin
9. Útboð á akstri

Tekið fyrir:

1. Árshlutauppgjör janúar til september 2023

Elísa Kristmannsdóttir, deildarstjóri fjármála kom á fundinn og kynnti níu mánaða árshlutauppgjör.

2. Vagnakaupaútboð niðurstaða

Strætó bauð út vagnakaup, framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna og fól stjórn framkvæmdastjóra að taka tilboði lægstbjóðanda Tyrfinngsson ehf. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins.

3. Tryggingarútboð

Strætó bauð út tryggingar og fékk Svein Segatta frá Áhættulausnum til að sjá um útboðið. Tilboð bárust frá fjórum tryggingarfélagum og eftir yfirferð tilboða var tilboð lægstbjóðanda VÍS metið gilt. Stjórn fól framkvæmdastjóra að ganga til samninga við VÍS.

4. Dómsmál Teitur gegn Strætó bs.

Föstudaginn 17. nóvember 2023 kvað Landsdómur upp úrskurð í máli Teits ehf gegn Strætó vegna akstursútboðs frá 2010. Strætó var dæmt til að greiða skaðabætur til Teits. Fyrir fundinum lá minnisblað frá Antoni B. Markússyni lögmanni um niðurstöðu Landsréttar.

Fjallað verður nánar um niðurstöðuna á næsta fundi stjórnar.

5. Vagnakaup næsta árs

Umræður urðu um vagna, en í fjárhagsáætlun 2024 er gert ráð fyrir að fjárfesta í nýjum rafvögnum. Framkvæmdastjóra var falið að gera þarfagreiningu í samræmi við umræður á fundinum.

6. Sölutölur

Markús Vilhjálmsson, markaðs- og sölustjóri kom á fundinn og kynnti sölutölur ársins til dagsins í dag. Salan er rétt yfir áætlun ársins. Farið var yfir frávík frá áætlun en helstu frávík eru vegna tafa við innleiðingu á snertilausum greiðslum. Farið var yfir að samkvæmt áætlun birgja (FARA A/S) er gert ráð fyrir að allir skannar verði uppfærðir í desember og að stefnt sé að því að hægt sé að greiða með snertilausum greiðslum í febrúar 2024. Stjórn brýnir stjórnendum að þrýsta á birginn að standa við þessa tímaáætlun enda er orðin um ársseinkun á þessari virkni í greiðslukerfinu.

7. Starfsáætlun 2024

Fyrir fundinum lágu drög að starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2024. Breytingar verða gerðar á henni í samræmi við umræður á fundinum. Gert er ráð fyrir að hún verði tekin til endanlegrar samþykktar á næsta fundi stjórnar.

8. Innri endurskoðunaráætlun

Drög að endurskoðunaráætlun var kynnt.

Magnús Örn Guðmundsson, vék af fundi fyrir næsta dagskrárlið vegna hæfismáls og Alexandra Briem tók við stjórn fundarins.

9. Útboð á akstri

Strætó hefur hafið nýtt innkaupaferli vegna aðkeypts akstur. Send var út auglýsing um nýtt innkaupaferli, en ákveðið var að viðhafa samkeppnisviðræður í samræmi við minnisblað og ákvörðun stjórnar á stjórnarfundum þann 8. nóvember. Gert er ráð fyrir að forvalsgögn verði send út í byrjun næstu viku.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 9:20.

Fylgiskjöl: Árshlutauppgjör jan-sept 23, sölutölur

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson

Tillaga um álagningu fasteignaskatts og fasteignagjalda

Fasteignaskattur skal vera 0,163% af fasteignamati íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum, erfðafestulanda og jarðeigna, sbr. a-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Fasteignaskattur skal vera 1,52% af öðrum fasteignum, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. c-lið 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Leigugjald á íbúðarhúsalóðum Garðabæjar skal vera 0,4% af fasteignamati lóðar og er þá ekki nýtt að fullu heimild bæjarins sem er 1,0% samkvæmt niðurstöðu í matsgerð dómkvaddra manna.

Leigugjald á atvinnuhúsalóðum Garðabæjar skal vera 1,0% af fasteignamati lóðar, samkvæmt niðurstöðu í matsgerð dómkvaddra manna.

Vatnsgjald skal vera 0,074% af fasteignamati húsa ásamt lóðarréttindum, sbr. heimild í reglugerð um vatnsveitur. [Sjá gjaldskrá]

Aukavatnsgjald skal á árinu 2024 vera _____ kr/tonn m.v. BVT í des 2023.

Á Álftanesi skal vatnsgjald vera samkvæmt gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur sem innheimtir vatnsgjald samkvæmt samningi.

Fráveitugjöld skulu vera 0,078% af fasteignamati húsa ásamt lóðarréttindum, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005. [Sjá gjaldskrá]

Á Álftanesi skal rotþróargjald vera kr. 36.500.

Sorphirðugjald skal vera samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

Taðþróargjöld í hesthúsahverfi Andvara skulu vera kr. 371.000 á hvert hús. [Sjá gjaldskrá].

Fasteignaskattur og fráveitugjald sem tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða skal lækka að teknu tilliti til viðmiðunartekna. Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarráði að ákvarða viðmiðunartekjur samkvæmt reglum um lækkun fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega.

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2024 verða 15. janúar, 15. febrúar, 15. mars, 15. apríl 15. maí, 15. júní, 15. júlí 15. ágúst. 15. september og 15. október

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald í Garðabæ.

1. gr.

Af öllum húseignum í Garðabæ skal greiða árlega fráveitugjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 15. gr. samþykktar um fráveitu í Garðabæ.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

Fráveitugjald skal nema 0,078% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Við álagningu árlegs fráveitugjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaganna, sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

5. gr.

Í þeim tilvikum sem Garðabær nýtir heimild samkvæmt 14. gr. samþykktar um fráveitu sveitarfélagsins til að innheimta stofngjald skal það nema kr. 290.000. Gjaldið skal breytast í janúar ár hvert m.v. byggingarvísitölu og skal grunnvísitala vera byggingarvísitala í desember 2022, 110,2 stig.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Garðabæjar þann 7. desember 2023, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005, staðfestist hér með skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu og skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2023. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir fráveitu nr. 1415/2022.

Garðabæ, 7. desember 2023

Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari.

SAMÞYKKT

um breytingu á gjaldskrá fyrir vatnsgjald, notkunargjald og heimæðargjald hjá Vatnsveitu Garðabæjar nr. 1221/2018.

Önnur grein gjaldskrárinnar er varðar stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera svohljóðandi.

1. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,074% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

2. gr.

Breyting á gjaldskránni er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar 7. desember 2023 samkvæmt 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga til að öðlast gildi við álagningu gjalda árið 2024.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar

7. desember 2023

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

GJALDSKRÁ fyrir meðhöndlun úrgangs í Garðabæ

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs Garðabæ eins og nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjald fyrir blandaðan heimilisúrgang:

Blandaður úrgangur	240 l	50.358
Blandaður úrgangur	660 l	138.486
Blandaður úrgangur gámur	3000 l	630.000
Blandaður úrgangur gámur	4000 l	840.000
Blandaður úrgangur gámur	5000 l	1.050.000

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, pappírsefni:

Pappír/pappi	240 l	6.427
Pappír/pappi	660 l	17.675
Pappír/pappi gámur	3000 l	81.000
Pappír/pappi gámur	4000 l	108.000
Pappír/pappi gámur	5000 l	135.000

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, plastefni:

Plast	240 l	8.768
Plast	660 l	24.113
Plast gámur	3000 l	111.000
Plast gámur	4000 l	148.000
Plast gámur	5000 l	185.000

Gjald fyrir flokkaðan heimilisúrgang, matarleifar:

Matarleifar	140 l	11.306
Matarleifar gámur	3000 l	243.000

Gjald fyrir tvískiptar tunnur:

Matarleifar/blandað	Tvískipt 240 l	37.968
Pappír/plast	Tvískipt 240 l	17.196

3. gr.

Gjald vegna reksturs grenndar- og endurvinnslustöðva: 19.027 kr./íbúð. Gjaldi vegna grenndar og endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Garðabæjar í rekstri grenndar- og endurvinnslustöðva SORPU bs.

4. gr.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, akstur og skráning íláta, er 4.000 kr. fyrir hvert sinn sem óskað er breytinga.

5. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. eru þeir sömu og vegna fasteignagjalda s- og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt bæjarstjórn Garðabæjar með heimild í 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, og öðlast gildi 1. janúar 2024. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1416/2022.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
7. desember 2023*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Gjaldskrá
um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu
við Kjóavelli í Garðabæ

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 371.000,- á hvert hús á árinu 2024.

Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar

Taðþróargjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, samkvæmt heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, sbr. samþykkt fyrir hesthúsahverfi á Kjóavöllum í landi Kópavogs og Garðabæjar nr. 958/2008 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1417/2023.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
7 desember 2023

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari

GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA

Gildir frá 1. febrúar 2024

1. Í leikskólum í Garðabæ er boðið upp á sveigjanlegan vistunartíma barna, að lágmarki 20 tímar og að hámarki 40 tímar á viku
2. Gjald fyrir leikskólavist á mánuði verður innheimt miðað við dvalartíma á viku

Dvalartími á viku	Dvalargjöld	Dvalartími á viku	Dvalargjöld
20	15.101	30	22.652
21	15.856	31	23.407
22	16.611	32	24.162
23	17.366	33	24.917
24	18.121	34	25.672
25	18.876	35	26.427
26	19.631	36	27.182
27	20.386	37	31.259
28	21.141	38	35.948
29	21.896	39	38.105
		40	40.391

3. Fæðisgjald fyrir hádegisverð og hressing er kr. 9.950 á mánuði.
4. Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum geta sótt um tekjutengdan afslátt af gjöldum leikskóla samkvæmt reglum Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra. Afslátturinn er 40% af almennu dvalargjaldi. Afsláttur er ekki veittur af fæðisgjaldi í leikskólum.
5. Viðmiðunartekjur verði annars vegar fyrir einstaklinga/forsjáraðila og hins vegar fyrir sambúðarfólk. Afslátturinn verði miðaður við heildartekjur heimilis þar sem meðaltekjur einstaklings eru allt að 800.000 á mánuði en sambúðarfólks 980.000 kr. á mánuði var áður 865.469 kr. fyrir báða hópa. Sækja þarf um tekjutengdan afslátt í þjónustugátt á vef Garðabæjar.
6. Foreldrar, sem hafa tvö eða fleiri börn á leikskóla, í frístundaheimili eða hjá dagforeldrum, fá 50% afslátt af gjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% afslátt af gjaldi fyrir hvert barn umfram tvö, en greiða fullt verð fyrir fæði. Systkinaafsláttur gildir alltaf fyrir eldra/elsta barn óháð fjárhæðum. Sækja þarf um systkinaafslátt í þjónustugátt á vef Garðabæjar.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
7. desember 2023
Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari

Garðabær innheimtir 650 kr. foreldragjald mánaðarlega með leikskólagjöldum fyrir foreldrafélög leikskólanna. Gjaldið er innheimt að beiðni foreldrafélags og fært á viðskiptareikning foreldrafélagsins hjá bænum. Ráðstöfun er í höndum stjórnar foreldrafélaga í samráði við leikskólastjóra. Foreldragjald er frjálst framlag sem foreldrum er ekki skylt að greiða.

GJALDSKRÁ FYRIR FRÍSTUNDAHEIMILI

Garðabær starfrækir frístundaheimili við Flataskóla, Hofsstaðaskóla, Sjálandskóla Álfthanesskóla og Urriðaholtsskóla.

Í frístundaheimilum skólanna gefst nemendum skólanna kostur á að taka þátt í ýmis konar leik og starfi.

Gjald fyrir dægradvöl í frístundaheimili skal miðast við eftirfarandi sjö flokka.

Gjaldskrá:

1- 10	klst./mán.	kr.	4.500
11-20	klst./mán.	kr.	9.000
21-30	klst./mán.	kr.	13.000
31-40	klst./mán.	kr.	18.000
41-50	klst./mán.	kr.	22.500
51-60	klst./mán.	kr.	27.000
61-70	klst./mán.	kr.	31.500
71-80	klst./mán.	kr.	36.000

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, á frístundaheimili eða hjá dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er 50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir barn umfram tvö.

Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum geta sótt um tekjutengdan afslátt af gjöldum frístundaheimila samkvæmt reglum Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra. Afslátturinn er 40% af almennu dvalargjaldi og er veittur einstaklingum með lægri meðaltekjur að fjárhæð kr. 800.000 á mánuði og sambúðarfólki með lægri meðaltekjur en kr. 980.000 á mánuði.

Sækja þarf um systkinaafslátt og tekjutengdan afslátt í þjónustugátt á vef Garðabæjar.

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. janúar 2024.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
7. desember 2023*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Úr gjaldskrá vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar.

4. gr.

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á frístundaheimilum grunnskólanna kr. 187 fyrir síðdegishressingu.

GJALDSKRÁ FYRIR STARFSEMI GARÐAHRAUNS

Garðahraun er sértækt frístundar- og félagsmiðstöðvaúrræði fyrir börn í 5.-10. bekk við grunnskóla í Garðabæ sem eiga lögheimili í Garðabæ. Garðahraun er starfrækt í Álfthanesskóla.

Í frístund Garðahrauns gefst nemendum kostur á að taka þátt í ýmis konar leik og starfi

Gjaldskrá:

1- 10	klst./mán.	kr.	4.500
11-20	klst./mán.	kr.	9.000
21-30	klst./mán.	kr.	13.500
31-40	klst./mán.	kr.	18.000
41-50	klst./mán.	kr.	22.500
51-60	klst./mán.	kr.	27.000
61-70	klst./mán.	kr.	31.500
71-80	klst./mán.	kr.	36.000

Foreldrar sem eiga börn sem eru í dvöl á leikskóla, í frístundaheimili eða hjá dagforeldrum eiga rétt á systkinaafslætti fyrir eldra/elsta barnið. Systkinaafsláttur er 50% af grunngjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% af grunngjaldi fyrir hvert barn umfram tvö.

Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum geta sótt um tekjutengdan afslátt af gjöldum frístundaheimila samkvæmt reglum Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra. Afslátturinn er 40% af almennu dvalargjaldi og er veittur einstaklingum með lægri meðaltekjur að fjárhæð kr. 800.000 á mánuði og sambúðarfólki með lægri meðaltekjur en kr. 980.000 á mánuði.

Sækja þarf um systkinaafslátt og tekjutengdan afslátt í þjónustugátt á vef Garðabæjar.

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. janúar 2024.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
7. desember 2023.*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

GJALDSKRÁ

vegna skólamálsverða í grunnskólum Garðabæjar

1. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið.

2. gr.

Í grunnskólum Garðabæjar skulu nemendur eiga kost á málsverði í hádegi gegn greiðslu matargjalds í áskrift að fjárhæð kr. 640 fyrir hverja máltíð.

3. gr.

Í Garðaskóla er rekið mötuneyti nemenda þar sem seldar eru einstakar máltíðir, smáréttir, mjólkurvörur, drykkir, brauð og kökur. Verð skal vera samkvæmt auglýstum verðlista á heimasíðu skólans.

4. gr.

Í grunnskólum bæjarins greiða nemendur sem dvelja á frístundaheimilum grunnskólanna kr. 205 fyrir staka síðdegishressingu.

5. gr.

Garðabær hefur samið við Skólamat ehf. og Matartíma ehf. um skólamálsverði í grunnskólum Garðabæjar.

Fyrirtækin annast innheimtu matargjalds samkvæmt 2. og 3. gr.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 7. desember 2023 og öðlast gildi 1. janúar 2024.

Garðabæ, 7. desember 2023

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Gjaldskrá fyrir frístundabílinn í Garðabæ

Frístundabíllinn í Garðabæ hefur það hlutverk að keyra börn frá frístundaheimilum grunnskóla í íþrótt- og tómstundastarf.

Til að börn geti nýtt sér frístundabílinn er nauðsynlegt að skrá þau í bílinn.

Hvort sem barnið er í frístundaheimili eða ekki þarf að skrá það í frístundabílinn í gegnum Völu vetrarfrístund í upphafi annar. Velja þarf hvar barnið tekur bílinn, tíma dags og hvert það er að fara.

Gjald fyrir vorönn 2024 er kr. 11.950

Gjaldskrá þessi skal gilda frá 1. janúar 2024 og skal endurskoða fyrri haustönn 2024.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
7. desember 2023*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Gjaldskrá sundlauga Garðabæjar frá 1. janúar 2024

Börn 17 ára og yngri, 67 ára og eldri og öryrkjar fá gjaldfrían aðgang að sundlaugum Garðabæjar Sundlaugarnar Ásgarði og Álftanesi

Fullorðnir á aldrinum 18-66 ára

	verð
Stakt gjald í sund	1.100 kr.
10 miða kort**	2.600 kr.
30 miðar **	11.400 kr.
Árskort í sund (og þreksal Ásgarði)	45.400 kr.
6 mánaða kort í sund	25.500 kr.

Ýmis þjónusta

Sundföt eða handklæði	700 kr.
Hvert kaffiglas - með ábót	- kr.
** Garðakort - rafræn plastkort	1.100 kr.

Varðandi aðra þætti gjaldskyldu

- Börn 0-17 ára eru ekki gjaldskyld, miðað er við daginn sem þau verða 18 ára.
- Gjaldskylda fellur niður við 67 ára aldur og miðast við afmælisdag, framvísa verður persónuskilríkjum og **kaupa rafrænt aðgangskort**.
- Öryrkjar eru ekki gjaldskyldir gegn framvísun skírteinis sem gefið er út af Sjálfsbjörgu, félagi fatlaðra í Reykjavík, sem skal endurnýjað árlega.
- Skírteini Tryggingastofnunar ríkisins "grænt skírteini" vegna varanlegrar örorku eða "gult skírteini" vegna tímabundinnar örorku og skírteini Blindrafélags "blátt skírteini".
- Allir sem fá „frían“ aðgang þurfa að nota rafræn **Garðakort** eða kort í símann þar sem við á.

Útleiga á íþróttasölum

Greiða skal fyrirfram fyrir afnot nema um fasta samninga sé að ræða

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 7. desember 2023

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.

Reglur Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra

1. Reglur þessar eru settar til að koma á móts við barnafjölskyldur með lágar tekjur til að veita afslátt af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila, gjöldum til dagforeldra með það að markmiði að bæta kjör fjölskyldna.
2. Viðmiðunartekjur skulu vera.

Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum geta sótt um tekjutengdan afslátt af gjöldum frístundaheimila samkvæmt reglum Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra. Afslátturinn er 40% af almennu dvalargjaldi og er veittur einstaklingum með lægri meðaltekjur að fjárhæð kr. 800.000 á mánuði og sambúðarfólki með lægri meðaltekjur en kr. 980.000 á mánuði.

Miða skal við meðaltekjur samkvæmt staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjá mánuði.

3. Foreldrar/forráðamenn undir tekjuviðmiðum samkvæmt 3. tl. skulu fá 40% afslátt af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra.
4. Umsóknir tekjutengds afsláttar skulu berast fyrir 15. dags mánaðar og skal fylgja yfirlit úr staðgreiðsluskrá fyrir síðustu þrjá mánuði. Afsláttur kemur til framkvæmda í næsta mánuði á eftir enda eru uppfyllt skilyrði tekjuviðmiðunar samkvæmt 3. tl.
5. Reglur þessar verða endurskoðaðar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
7. desember 2023.*

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Breytingar við fjárhagsáætlun Garðabæjar skv. fyrri umræðu 2. nóvember

A sjóður skv. fyrri umræðu		83.283.000	
Tekjur:			
Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði	23.328.000	Lækkun álagn. fastgj. verði 0,163%, íbúðarhúsnæði	
Breyting á sorphirðu og gjaldskrá	-98.023.088	Veruleg breyting á gjöldum og tekjum v/sorphirðu	
Útsvarstekjur hækkun	-80.000.000	Endurnetið	
Breyting á tekjum	-154.695.088		
Gjöld			
Mannauðsmál/heilsustyrkir of.	25.000.000	Sbr. kynningu mannaússtjóra í bæjarráði	
Farsæld barna viðbót	9.000.000	Viðbótarfjármagn við verkefnið	
Söðugildi sviðsstjóra þjónustu- og stafrænnar þróunar	20.000.000	Sbr. breyting á stjórnskipan	
Tekjutenging hvatapeninga	5.000.000	Hvatapeningar tekjutengdir	
Annað, ýmsislegt	5.000.000	Tilfallandi verkefni	
Breyting á útgjöldum	64.000.000		
Afkoma eftir breytingar A-hluti			
Útkoma skv. fyrri umræðu	83.283.000		
Breytingar á tekjum	-154.695.088		
Breytingar á útgjöldum	64.000.000		
Afkoma A sjóðs eftir breytingar	-7.412.088	jákvæð niðurstaða	
A og B hluti skv. fyrri umræðu			
Tekjur:			
Breyting á vatnsgjaldi	46.000.000	Lækkun tekna vatnsgjald verði 0,074%	
Breyting á Hólræsgjaldi	60.027.400	Lækkun tekna hólræsgjald verði 0,078%	
Breyting á tekjum	106.027.400		
Gjöld:			
Mililífærdur kostnaður A- hluta	-41.400.000	Greiðsla Samveitna fyrir þjónustu A-hluta	
Afkoma A og B sjóðs eftir breytingar	-521.584.688	jákvæð niðurstaða	